

GÆÐI OG GESTRISNI

Stefnumótun í ferðapjónustu
fyrir Uppsveitir Árnassýslu
1998-2002



Skýrsla þessi er unnin fyrir eftirtalda hreppa í Uppsveitum Árnassýslu:

Þingvallahrepp, Grímsnes-, Grafnings-, Laugardals-, Biskupstungna-,
Hrunamanna-, Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Verkefnisstjórn:

Sveinn Sæland
Sigurður Ingi Jóhannsson
Óli Rúnar Ástþórsson

Úrvinnsla og umsjón:

Ásborg Arnþórsdóttir
Rögnvaldur Guðmundsson

Fagleg ráðgjöf:

© Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar - apríl 1998

Efnisyfirlit

Kort af Uppsveitunum

Helstu niðurstöður

I-X

1.0	Inngangur	1
1.1	Aðdragandi	1
1.2	Tilgangur	1
1.3	Framkvæmd	1
2.0	Þróun ferðapjónustu; Ísland - Suðurland	3
2.1	Ísland ..	3
2.2	Suðurland	4
3.0	Stöðumat - Uppsveitir	7
3.1	Inngangur	7
3.2	Styrkleikar og veikleikar	8
3.3	Ímynd Uppsveitanna	10
3.4	Fjöldi gesta og gistinátta	11
4.0	Stöðumat - Sveitarfélög	12
4.1	Þingvallahreppur	12
4.2	Grímsnes-og Grafningshreppur	13
4.3	Laugardalshreppur	14
4.4	Biskupstungnahreppur	15
4.5	Hrunamannahreppur	16
4.6	Skeiðahreppur	17
4.7	Gnúpverjahreppur	17
5.0	Stöðumat - Málaflokkar	19
5.1	Inngangur	19
5.2	Skipulag og stjórnun ferðamála	19
5.3	Gæðamál	20
5.4	Umhverfismál	20
5.5	Samvinna	21
5.6	Útgáfa, markaðssetning og kynning	21
5.7	Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla	22
5.8	Vegir og samgöngur	22
5.9	Tjaldstæði	23
5.10	Gisting	23
5.11	Veitingar	24
5.12	Afbreyting	24
5.13	Ferðapjónusta utan háannar	24
5.14	Markhópar	25

6.0 Stefnumótun fyrir allt svæðið og einstaka hreppa 26


6.1 Inngangur - aðferðafræði	26
6.2 Svæðið allt	27
6.3 Hálendismiðstöð Fjalla-Eyvindar	28
6.4 Hálendið	28
6.5 Þingvallahreppur	29
6.6 Grímsnes-og Grafningshreppur	30
6.7 Laugardalshreppur	30
6.8 Biskupstungnahreppur	31
6.9 Hrunamannahreppur	33
6.10 Skeiðahreppur	33
6.11 Gnúpverjahreppur	34

7.0 Stefnumótun - eftir málaflokkum 36

7.1 Inngangur	36
7.2 Skipulag og stjórnun ferðamála	37
7.3 Gæðamál	37
7.4 Umhverfismál	38
7.5 Samvinna	39
7.6 Markhópar	40
7.7 Utgáfa, markaðssetning og kynning	40
7.8 Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla	41
7.9 Vegir og samgöngur	42
7.10 Tjaldstæði	42
7.11 Gisting	43
7.12 Veitingar	44
7.13 Afþreying	44
7.14 Ferðaþjónusta utan háannar	48

8.0 Lokaorð 49

ÚPPSVEITIR ARNESSÝSLU



Skjaldreiður

Hlíðarlaug

Sandvagn

Arbúðir
Kerlingarfjöll
Framstaver
Hvíld

0 5 10 15 km
Kostfr. ehl. 1998

SAMANTEKT

Formáli

Uppsveitir Árnassýslu eru helsta ferðamannasvæði landsins ef höfuðborgin, Reykjavík, er undanskilin. Ferðapjónusta er tengist heimsóknum að sögustöðunum Þingvöllum og Skálholti, náttúruperlunum Gullfossi og Geysi byggir á gömlum merg. Hið sama má segja af ferðum manna um Kjalveg.

Heimamenn eru afar jákvæðir í garð ferðapjónustunnar og flestir telja að með henni aukist afþreyingartilboð fyrir heimamenn og að þeir verði meðvitaðri um eigin sögu og menningu. Grunnur til að byggja upp enn öflugri ferðapjónustu í Uppsveitum Árnassýslu er því óvenju góður.

Styrkleikar og veikleikar Uppsveitanna

Þegar allt er tekið saman, umsagnir gesta og heimamanna í könnunum, umræður í hópum og álit þeirra sem að stefnumótun unnu er niðurstaðan sú að veikar og sterkar hliðar á ferðapjónustu í Uppsveitum Árnassýslu séu eftirfarandi:

Styrkleikar	Veikleikar
Mikill fjöldi gesta	Lítill skipulögð afþreying
Stærstu orlofshúsabyggðir landsins	Fáir skipulagðir viðburðir - hátíðir
Geysir, Gullfoss, Þingvellir	Upplýsingapjónusta ómarkviss
Nálægð við markaðinn	Skortur á heimaleiðsögn
Góðar samgöngur	Skortur á fagfólki
Mild veðráttá	Of lítið frumkvæði heimamanna
Aðgengileg náttúra og friðsæld	Lítið gistirými utan háannar
Jákvætt viðhorf til ferðapjónustu	Merkingum ábótavant
Umferð um Kjöl	Fræðslu ábótavant
Sundlaugar	Óskýr heildarímynd
Embætti ferðamálafulltrúa	Misgott vegakerfi
Mismunandi hringleiðir	Ónóg tengsl við sumarhúsafólk
Rótgróin ferðapjónusta	Gæði og þjónusta misjöfn
Tengsl við sögu og náttúru	Takmörkuð samvinna
	Lítill þekking á markaðsmálum

Tækifæri og nýsköpun

- Aukin fagmennska heimamanna
- Hálandið og nýting þess
- Minna þekktar náttúruperlur
- Göngu-og reiðleiðir
- Saga og menning
- Sofn og fornleifar
- Atvinnulíf og framleiðsla
- Samvinna
- Jarðhiti
- Fræðsla á Geysi, Þingvöllum og Skálholti
- Mislanga vetrarferðir
- Hálandismiðstöð Fjalla Eyvindar
- Bætt vegakerfi
- Umhverfisáætlanir
- Svæðisleiðsögn
- Fræðsla og þjónustumiðstöð í Þjórsárdal
- Gæðaflokkun
- Geysisgos

Kjörorð - "Gæði og gestrisni"

Þær kröfur á að gera til ferðapjónustu á þessu vinsæla svæði, Uppsveitum Árnassýslu, að hún sé í fararbroddi ferðapjónustu á Íslandi hvað snertir skipulag og gæði. Ekkert annað er við hæfi.

- Lagt er til að kjörorð ferðapjónustu í Uppsveitum Árnassýslu verði "Gæði og gestrisni".¹
- Áhersla verði lögð á uppbyggingu afþreyingar og fræðslu sem tengist menningu og atvinnulífi í Uppsveitum Árnassýslu.

Yfirmarkmið

Megin tilgangurinn með því að móta stefnu í ferðamálum fyrir Uppsveitir Árnassýslu er eftirfarandi:

- Fjölga ársverkum í ferðapjónustu
- Auka tekjur af ferðapjónustu
- Styrkja og efla ímynd Uppsveitanna sem ferðapjónustusvæðis í fremstu röð

Önnur markmið

- Koma upp sameiginlegu merki ferðapjónustu í Uppsveitum Árnassýslu
- Auka gæði þjónustunnar
- Efla samkennd og samstöðu hagsmunaaðila og íbúa á svæðinu
- Efla útgáfu, markaðsstarf og upplýsingamiðlun
- Auka fræðslu til ferðamanna
- Kynna menningu og sögu svæðisins
- Auka fjölbreytni í ferðapjónustu, sérstaklega í afþreyingu
- Lengja dvöl hvers ferðamanns
- Auka neyslu gesta á svæðinu
- Lengja ferðamannatímam og bæta nýtingu mannvirkja
- Auka dreifingu ferðamanna um svæðið
- Bæta samgöngur.

¹. Á ensku: " Quality and Hospitality ".

MÁLAFLOKKAR: styrkleikar, veikleikar, markmið og aðgerðir

Skipulag ferðaþjónustu

- Lagt er til að stofnuð verði sameiginleg ferðamálanefnd allra hreppanna - með ferðamála-fulltrúa sem framkvæmdastjóra. Sú starfsemi þarf að tengjast opinberri skipan atvinnu, umhverfis -og menningarmála á svæðinu. Meginhlutverk ferðamálanefndar yrði að að fylgja eftir framkvæmd á stefnumótun fyrir Uppsveitirnar. Auk þess verður nefndinni ætlað að leita eftir samvinnu við önnur svæði á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og norður yfir Kjöl.
- Stofnaðir verði sem fyrst þrjú vinnuhópar ferðamálanefndinni til aðstoðar, til að koma með tillögur að þróun ferðaþjónustu hvað varðar eftirtalin málefni:
 - Gönguleiðir og gönguleiðakort.
 - Skipulag ferðaþjónustu á hálendinu.
 - Kotlagningu auðlinda á sviði sögu og þjóðmenningar.Þessir hópar ljúki störfum veturinn 1998-1999 en síðan taki við aðrir hópar 1999-2000 o.s.frv. sem ýmist vinna að frekari útfærslu þessra verkefna eða að öðrum málum.
- Lagt er til að í skipulagsvinnu og-áætlunum allra hreppa í Uppsveitum Árnessýslu verið aukið tillit tekið til þarfa ferðaþjónustufyrirtækja og ferðamanna, s.s. hvað varðar aðgengi og landrými.

Gæðamál

Styrkleikar	Veikleikar
Jákvætt viðhorf heimamanna	Þjónusta einstakra fyrirtækja
Viðmót heimamanna	Takmörkuð gæðaumræða
Þjónusta einstakra fyrirtækja	Þjálfun stafsólks
	Engin gæðaflokkun
	Oryggismál

Markmið:

- Uppsveitirnar verði í forystuhlutverki hvað varðar gæði og fagmennsku í ferðaþjónustu.

Aðgerðir:

Efla frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund þeirra er tengjast ferðaþjónustu í Uppsveitunum.

- Lögð verði áhersla á að endurmenntun og boðið upp á vönduð námskeið árlega þar sem færustu sérfræðingar leiðbeina og fræða.
- Allir sem vinna við ferðaþjónustu fari á stutt þjálfunarnámskeið árlega til að taka sem best á móti ferðamönnum.
- Skipulögð verði námskeið í svæðisleiðsögn í samvinnu við Leiðsöguskólann í Kópavogi.
- Boðið verði upp á námskeið um umhverfi, sögu og menningu svæðisins bæði fyrir skólanemendur og aðra heimamenn.

Umhverfismál

Styrkleikar	Veikleikar
Sterk náttúruímynd	Viðkvæm náttúra
Umhverfisvæn orkuvinnsla	Rusl í kringum bæi og fyrirtæki
Lífræn ræktun	Losun ruslagáma við sumarhúsabyggð
Flokkun rusls hafin	Frárennismál
Endurvinnsla plastics á Flúðum	Umhverfisvitund heimamanna
Þátttaka í norrænu umhverfisverkefni	Salernisaðstaða
	Umhverfisáætlanir sveitarfélaga vantar
	Malarnámur
	Akstur utan vega

Markmið:

- Lög skal áhersla á umhverfisvæna uppbyggingu ferðaþjónustu í Uppsveitunum þannig að náttúra svæðisins beri ekki skaða af.

Aðgerðir:

- Gert verði átak í frárennslis-, umgengnis- og sorpmálum. Stefnt að því að opnar ónotaðar efnisnámur, drasl á víðavangi, við bóndabæi og við fyrirtæki heyri sögunni til árið 2002.
- Umhverfisáætlanir sveitarfélaga liggja fyrir árið 2000.
- Umhverfisfræðsla í grunnskólum verði efl.
- Umhverfisfræðsla verði í boði fyrir alla íbúa á svæðinu.
- Umhverfisdagur Uppsveitanna haldinn árlega
- Að skýrum reglum verði fylgt varðandi malarnám og frágang að notkun þeirra lokinni.

Samvinna

Styrkleikar	Veikleikar
Vilji til samvinnu innan svæðis og utan	Skortur á samvinnu
Fjöldi félaga með virka starfsemi	

Markmið:

- Efla samstöðu og samvinnu innan ferðaþjónustunnar og meðal þeirra sem starfa óbeint við hana.
- Efla samstarf við önnur svæði, félög og stofnanir.

Aðgerðir:

- Sameiginleg kynning og markaðssetning á ferðatilboðum og þjónustu.
- Samvinna innan Ferðamálasamtaka Suðurlands.
- Auka samvinnu við sérfræðinga og háskólanema varðandi verkefni og úttekt á málum er snerta náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Lagt er til að Skálholt taki þátt í væntanlegu samstarfi sögustaða er tengist uppbyggingu sögulegrar ferðaþjónustu.

Útgáfa, markaðssetning og kynning

Styrkleikar	Veikleikar
Uppsveitakortið	Stórt markaðssvæði
Samvinna um Vestnorden kynningu	Markaðsbekking ferðaðjónustuaðila
Sjalfkrafa með í Íslandskynningu	Vöntun á kynningaráætlun
	Skortur á samvinnu um útgáfu
	Vantar skýrari ímynd

Markmið:

- Að styrkja og efla ferðaðjónustu á svæðinu með öflugum kynningarstarfi inn á við sem út á við. Uppsveitirnar verði kynntar sameiginlega sem eitt svæði. Lögð áhersla á "Gæði og gestrisni"
- Að útgáfu og kynningarmál í Uppsveitunum séu samræmd og hnitmiðuð, sniðin að þörfum mismunandi markhópa. Útgáfa þarf að vera vönduð, án óþarfa íburðar og umfram allt traustvekjandi.

Aðgerðir:

- Lagt er til að markaðsetning, útgáfu- og kynningarmál fyrir Uppsveitirnar verði tekin til endurskoðunar veturinn 1998-99. Gerð verði kynningaráætlun til ársins 2002.
- Gefin verði út fræðandi gönguleiðakort af svæðinu í tengslum við skipulagða merkingu gönguleiða.
- Sér sök markaðsnámskeið verði haldin fyrir rekstraraðila í ferðaðjónustu og aðra er henni tengjast.
- Efla tengsl við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur.

Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla

Styrkleikar	Veikleikar
Góðar merkingar sums staðar	Upplýsingamiðlun innan svæðis
	Merkingar og fræðsla til ferðamanna
	Upplýsingagjöf til ferðamanna

Markmið:

- Efla upplýsingaðjónustu og fjölga upplýsingamiðstöðvum
- Bæta allar merkingar á svæðinu, ekki síst merkingar örnefna, við merka staði í náttúrunni og sögulega staði.
- Auka mjög alla fræðslu til ferðamanna.

Aðgerðir:

- Gerð verði verkáætlun til ársins 2002 um endurbætur á merkingum í Uppsveitunum.
- Öflugar upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn verði á Þingvöllum, Geysi og Flúðum og auk þess skipulögð upplýsingaðjónusta á Laugarvatni, Þrastarlundi/Borg, Brautarholti og Árnesi.
- Sérstakt áætlun verði gerð um merkingar á styttri og lengri gönguleiðum á láglandi og hálendi með þarfir mismunandi markhópa í huga.

- Fjölsóttustu ferðamannastaðirnir í Uppsveitunum, Þingvellir og Geysir, verði markvissst nýttir til að kynna betur minna þekktu staði og náttúrufrirbrigði á svæðinu til að stuðla að frekari dreifingu og lengri viðdvöl ferðamanna.
- Lagt er til að reist verði vegleg fræðslu- og þjónustumiðstöð, Hálendismiðstöð Fjalla Eyvindar, í tengslum við fæðingarþæ hans í Hrunamannahreppi eða á Flúðum.
- Lagt er til að gert verði átak í að merkja upp og fræða gesti um forna byggð í Þjórsárdal og gera merkilega sögu dalsins sýnilega gestum og gangandi. Þjónustumiðstöð verði reist í dalnum.
- Lagt er til að komið verði upp fræðslumiðstöðvum við Geysi, Þingvelli og Skálholt - sem kynni á metnaðarfullan hátt sögu staðanna.

Vegir og samgöngur

Styrkleikar	Veikleikar
Ymsir möguleikar á hringakstri	Víða malarvegir
Góðir aðalvegir	Vantar tengingar svæða í áætlunarferðum
	Villugjarnt svæði
	Vantar nýjar veltengingar og brú yfir Hvítá

Markmið:

- Að bæta samgöngur innan svæðis fyrir alla markhópa, hvort sem ferðast er á einka-bílum, með áætlunarbílum, á hjóli, gangandi eða ríðandi.
- Auka möguleika á mismunandi hringleiðum í Uppsveitunum og bættum samgöngum við nágrennahéruð.

Aðgerðir:

- Lagt verði bundið slitlag á alla helstu vegi.
- Lög er áhersla á mikilvægi þess að byggja nýja brú yfir Hvítá til að tengja betur saman vestur- og austurhluta Uppsveitanna.
- Æskilegt er að byggja brú yfir Þjórsá í Gnúpverjahreppi til að tengja betur saman Uppsveitirnar og Heklusvæðið.

Tjaldstæði

Styrkleikar	Veikleikar
Nokkuð mörg tjaldstæði	Engin gæðaflokkun tjaldstæða
Mikið gist á tjaldstæðum	Ekkert fyrsta flokks tjaldstæði
	Misjöfn umhirða

Markmið:

- Að auka tekjur af tjaldgistingu á svæðinu og fjölga atvinnutækifærum.
- Að Uppsveitir Árnæssýslu verði þekktar fyrir tjaldstæði í hæsta gæðaflokki.

Aðgerðir:

- Lagt er til að nákvæm úttekt verði gerð á tjaldstæðum í Uppsveitum og þau gæða-flokkuð. Stefnt að því að þrjú fyrsta flokks tjaldstæði, m.a. með aðstöðu fyrir húsbíla verði komin árið 2001.

Gisting

Styrkleikar	Veikleikar
Nokkuð gott úrval gistaða	Engin gæðaflokkun gistaða
Mikill fjöldi sumarhúsa	Ekkert fyrsta flokks hótél
	Lítill sérhæfing gistaða
	Lítill kynning til Íslendinga
	Framboð gistingar utan háannar

Markmið:

- Að auka tekjur af gistingu á svæðinu og fjölga atvinnutækifærum.
- Að bjóða upp á fjölbreytta möguleika í gistingu, góða þjónustu og jákvætt viðmót.

Aðgerðir:

- Að Uppsveitirnar taki fullan þátt í fyrirhugðari flokkun gistaða á Íslandi. Stefnt að því að gistaðir með 8 herbergi eða færri verði einnig gæðaflokkaðir á sama hátt.
- Kanna hug eigenda gistaða til sérhæfingar og um hvernig betur megi höfða til innlendra ferðamanna.

Veitingar

Styrkleikar	Veikleikar
Nóg af skyndibitastöðum og sjoppum	Lítið um staðareinkennandi veitingar
	Fáir veitingastaðir - a.la carte
	Misjöfn þjónusta
	Opnunartími

Markmið:

- Að auka tekjur af veitingasölu á svæðinu og fjölga atvinnutækifærum.
- Að bjóða upp á fjölbreytni í veitingum, góða þjónustu og jákvætt viðmót.
- Nota hráefni úr heimabyggð.
- Vera fjölskylduvæn.

Aðgerðir:

- Leitað verði leiða til að auka staðareinkennandi og þjóðlegar veitingar til ferðamanna.

Skipulögð afþreying

Styrkleikar	Veikleikar
Fjöldi sundlauga	Lítið framboð af skipulagðri afþreyingu
Bátafólkið	Of lítið fyrir börnin
Dýragarður í Slakka	Takmörkuð kynning á þeirri afþreyingu sem til er
Þingvallasiglingar	Menning heimamanna nær ósýnileg gestum
	Vantar söfn

Markmið:

- Að auka tekjur af afþreyingu á svæðinu og fjölga atvinnutækifærum.
- Að efla og auka fjölbreytni afþreyingarmöguleika á svæðinu er tengist menningu, náttúru, atvinnulífi og framleiðslu í Uppsveitunum.
- Auka afþreyingu er byggir nýtingu jarðhita
- Gera Uppsveitirnar að ákjósanlegum möguleika fyrir göngufólk og hvetjandi fyrir þá, sem öllu jöfnu ganga ekki mikið, að taka fram gönguskóna.
- Fjölga þematengdum söfnum í Uppsveitunum.
- Efla kynni ferðamanna af ylraekt og auka skilning þeirra á henni.
- Gera menningu og listalíf heimamanna sýnilegt allt árið.
- Auka nýtingu afréttanna og hálendis til afþreyingar og skoðunarferða, sumar sem vetur.

Aðgerðir:

- Lagt er til að alþjóðlega hjólreiðakeppin: "Uppsveitahringurinn" verði haldin árlega frá árinu 1999.
- Kannaðir verði möguleikar á nýtingu jarðhita til afþreyingar og heilsuferðapjónustu.
- Lagt er til að skoðaðir verði möguleikar á að nýta íþróttamannvirki í Uppsveitunum að sumri - til afþreyingar fyrir gesti.
- Skipulagðar verði styttri og lengri skoðunar- og gönguferðir um Uppsveitirnar, láglandi sem hálendi, með heimaleiðsögumönnum.
- Lagt er til að á Flúðum og víðar verði leitað leiða til að auka tengsl ferðamanna við atvinnulífið.
- Lagt er til að ímynd Laugarvatns sem íþrótt- og útivistarbæjar verði eflað.
- Þróa enn frekar heimsóknir í gróðurhús í Reykholti, á Flúðum og víðar.
- Á Skeiðum verði leitað leiða til að auka kynni ferðamanna af búskap og daglegu lífi íbúa svæðisins.
- Skapa listamönnum aðstöðu til að vinna og sýna í Uppsveitunum.
- Áætlun verði gerð um stofnun minni og sérhæfðari safna og sýninga á svæðinu í samvinnu við Þjóðminjasafn, byggðasafn Árnessýslu o.fl.

Ferðapjónusta utan háannar

Styrkleikar	Veikleikar
Yfirleitt góð færð/aðgengi	Almenningssamgöngur
Margir dagsferðamenn	Margir þjónustustaðir lokaðir
Framboð gistingar	Opnunartímar

Markmið:

- Auka tekjur af ferðamönnum utan háannar og fjölga heilsársstörfum í ferðapjónustu.
- Auka þjónustu við ferðamenn utan háannatíma.

Aðgerðir:

- Leita leiða til að auka þjónustu og lengja opnunartíma utan háannar.
- Ræða við séleyfishafa um bættu vetraráætlun.
- Efla kynningu á Uppsveitunum utan háannar, ekki síst meðal innlendra gesta.
- Þjóða góð verð á gistingu utan háannar.
- Þróa ný afþreyingartilboð utan háannar, s.s. skíðagöngu, dorgveiði, hálendisferðir o.fl.

Markhópar

Innlendir gestir	Erlendir gestir
Dagsferðamenn	Dagsferðamenn í hópferð
Gestir leigðum orlofshúsum	Dagsferðamenn á eigin vegum
Sumarhúsaeigendur	Næturgestir í hópferð
Tjaldgestir - mest um helgar	Næturgestir á eigin vegum
Ráðstefnugestir	Hvatarferðamenn
Íþóttahópar, kórar o.fl.	
Aðrir næturgestir	

Markmið:

- Leitast við að þjóna öllum gestum af gestrinni og hlýju þannig að þá langi að koma aftur.
- Fylgjast reglulega með þörfum og viðhorfum gesta þannig að sem best megi koma til móts við þarfir þeirra og óskir hverju sinni.

Aðgerðir:

- Lagt er til að við alla hönnun mannvirkja og aðgengi að stöðum verði tekið fullt tillit til þarfa fatlaðra gesta.
- Lagt er til að þarfir barna verði hafðar ofarlega í huga hvar sem því verður við komið í uppbyggingu ferðapjónusu í uppsveitunum.

TÍMAÁÆTLUN - NOKKRIR HELSTU VERRÞÆTTIR

GAÐI OG GESTRISNI	ár 1998												ár 1999												ár 2000												ár 2001												ár 2002																																																																																																																																															
	5	6	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5																																																																																																																																																											
SKIPULAG	HERUR STÖÐIR																																																REGULERUNIRK RUNDIR																																																																																																																																															
FERÐAMALNEFND	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
VINNUHÖPAR	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
ENDURMAT STEFNUMÖTUNAR	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
UMHVERFISMÁL	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
SOPFLÖKKUN - ENDURVINSLA	SKIPULAG																																																EFTIRYLGNI																																																																																																																																															
UMHVERFISÆTLANIR	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
RUSL VÍÐ BÆI OG FYRIRÆKI	SÉSTAKT ÁTAK TIL ÖRÐTÁ																																																EFTIRYLGNI																																																																																																																																															
GÆÐAMÁL	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
NÁMSKEIÐ-MENNTUN	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
FLÖKKUN TJALDST/UTÞÆTUR	FLÖKKUN																																																GREATUN																																																STÖÐUG PRÓUN																																																																																															
1 KYNNINGARMÁL	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
SYNINGAR/KYNNINGAR	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
UPPSVEITAKORT	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
5 MERKINGAR/FRÆÐSLA	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
VEGAMERKINGAR	VIÐHALD OG ENDURNÝJUN																																																																																																																																																																																															
FRÆÐSLUMIDSTÖÐVAR	[Bar chart showing activity levels]																																																																																																																																																																																															
GÖNGUL EIDAMERKINGAR	UNDIRBUNINGUR																																																FRÁHVAEND																																																STÖÐUG PRÓUN																																																VIÐH OG ENDURN																																															

1.0 Inngangur

1.1 Aðdragandi

Sumarið 1996 var fyrirtækið Rannóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar fengið til að hafa umsjón með viðhorfskönnun meðal gesta og heimamanna í Uppsveitum Árnassýslu sem allir hreppar þar stóðu að. Lágu niðurstöður úr þeim könnunum fyrir í skýrslu í febrúar 1997.

Í framhaldi af því gerðu sveitarfélögin með sér samkomulag um að ráðast í vinnu að stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir svæðið í heild. Sveitarfélögin eru: Þingvallahreppur, Grímsnes-og Grafningshreppur, Laugardalshreppur, Biskupstungnahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur.

Þriggja manna framkvæmdarstjórn var skipuð til að hafa umsjón með framkvæmdinni. Í henni sátu: Sveinn Sæland, Sigurður Ingi Jóhannsson og Óli Rúnar Ástþórsson. Starfsmenn verkefnisins voru Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveitanna og Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálafræðingur hjá fyrirtækinu Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar sem jafnframt var faglegur ráðgjafi þess.

Stefnumótunin nær sem áður segir til næstu fjögurra ára, ársins 2002, en stefnt er að því að hún verði vandlega endurskoðuð og endurbætt árið 2000. Auk þess mun víða rýnt lengra fram á veginn þar sem svo þykir hæfa.

1.2 Tilgangur

Megintilgangurinn með því að móta stefnu í ferðamálum fyrir Uppsveitir Árnassýslu er eftirfarandi:

- Fjölga ársverkum í ferðaþjónustu
- Auka tekjur af ferðaþjónustu
- Styrkja og efla ímynd Uppsveitanna sem ferðaþjónustusvæðis í fremstu röð

1.3 Framkvæmd

Ákveðið var að virkja íbúa svæðisins með því að gefa þeim kost á að tak þátt í hópstarfi í upphafi stefnumótunarvinnunnar. Kynningarfundur var haldinn í Skálholti í mars 1997 þar sem helstu niðurstöður úr framangreindri viðhorfskönnun voru kynntar svo og verkefnið í heild. Á þann fund mættu 50 manns úr öllum hreppum og þar voru stofnaðir fjórir samráðshópar sem ætlað var að koma með hugmyndir inn í stefnumótunina.

Hóparnir fengu eftirfarandi viðfangsefni:

- Markaðssetning og útgáfumál
- Merkingar, fræðsla og upplýsingamiðlun
- Gisting, samgöngur og veitingar
- Afþreying

Komu alls 39 manns á fundina sem haldnir voru 17. 21. og 28. apríl 1997 en fundarboð var sent á öll heimili í sveitarfélögunum. Þátttakendur í samráðshópum voru:

Agnes Geirdal	Jóhannes Sigmundsson
Anna K. Ásmundsdóttir	Jón Harry Njarðarson
Ásborg Arnþórsdóttir	Jón K.B. Sigfússon
Ástrún Davíðsson	Jóna B. Gestsdóttir
Bjarni Einarsson	Kjartan Ágústsson
Björg Ingvarsdóttir	Lára Ágústsdóttir
Björgvin Skafti Bjarnason	Lísa Thomsen
Dóra Svavarsdóttir	Óli Rúnar Ástþórsson
Einar Harðarson	Rosemarie B. Þorleifsdóttir
Guðfinnur Eiríksson	Rögnvaldur Guðmundsson
Guðrún Kristinsdóttir	Sigmar Pétursson
Guðmundur Rafnar Valtýsson	Sigmundur Jóhannesson
Gústaf Sæland	Sigrún Bjarnadóttir
Halldór Guðnason	Sigurður Fannar Guðmundsson
Helgi Jóhannesson	Sigurður Ingi Jóhannsson
Hilmar Jóhannsson	Sigurgeir Þorbjörnsson
Hjalti Gunnarsson	Sveinn Sæland
Ingólfur Guðnason	Þórdís Bjarnadóttir
Jakob Narfi Hjaltason	Örn Einarsson
Jóhann Marelsson	

Komu margar gagnlegar ábendingar og tillögur frá hópunum sem nýttar voru á síðari stigum skýrslugerðarinnar, einkum í köflunum um stefnumótun.

Að lokinni hópvinnu var Rögnvaldi og Ásborgu falið að vinna að frekari framkvæmd verksins í samráði við verkefnisstjórn. Afrakstur þeirrar vinnu er fólgin í þessar stefnumótunarskýrslu.

2.0

Þróun ferðaþjónustu Ísland - Suðurland

Hér verður kynnt lauslegar þróun ferðaþjónustu á Íslandi á undanförunum áratug. Einnig mun stiklað á stóru varðandi upplýsingar um ferðaþjónustu á Suðurlandi í þeim tilvikum sem þær skýra stöðu þeirra mála í Uppsveitum Arnessýslu.

2.1 Ísland

Fram að þessu hefur Ísland fyrst og fremst verið markaðssett sem land hrikalegrar og fjölbreytilegrar náttúru. Á síðustu árum hefur afþreyingartilboðum, s.s. hestaferðum hvalaskoðunarferðum og snjósleðaferðum á jökul, vaxið fiskur um hrygg. Margt bendir til þess að íslensk þjóðmenning, saga, siðir og venjur verði næsti vaxtarbroddur ferðaþjónustu hér á landi enda sögur og örnefni á hverju strái hér á landi. Nægir þar að nefna hluti eins og Vesturfarasetur í Skagafirði, Njálusafn á Hvolsvelli, Víkingahátíðir í Hafnarfirði og fyrirhugaða endurbyggingu á líklegum fæðingar bæ Leifs heppna að Eiríksstöðum í Dalasýslu. Náttúran mun um ókomin ár verða helsta aðráttarafli Íslands en aðgengileg fræðsla um menningu og sögu lands og þjóðar er líkleg til að auka og dýpka skilning gesta á íslenskri þjóð og samvistum hennar við náttúruöflin. Auk þess á menningarferðaþjónusta er byggir á sérstöðu staða og svæða síður á hættur að verða "fjölfölduð" en ýmiss konar önnur afþreying.

Gestir og gistinætur

Gestir

Vöxtur í íslenskri ferðaþjónustu hefur verið mjög ör frá árinu 1980 ef miðað er við höfðatölu gesta. Það ár komu um 60.000 erlendir gestir til Íslands en árið 1997 voru þeir ríflega 200.000, auk 25.000 gesta er komu hingað með skemmtiferðaskipum. Þannig hefur gestafjöldi til landsins nær fjórfaldast á 17 árum sem samsvarar um 8% fjölgun ferðamanna á ári hverju.

Með svipaðri aukningu til ársins 2015 verða gestir á Íslandi um 900.000 talsins en Íslendingar sjálfir um 380.000 miðað við 1,8% fólksfjölgun ári. Í stefnumótun samgönguráðuneytisins í ferðaþjónustu frá árinu 1996 er reiknað með 6% árlegri aukningu til ársins 2005. Miðað við það verða ferðamenn 640.000 árið 2015. Ef farið er bil beggja og reiknað með 4% aukningu til ársins 2015 verða erlendir gestir það ár um 470.000 talsins.

Hvað sem þessum áætlunum líður bendir margt til þess að aukning verði veruleg í íslenskri ferðaþjónustu á næstunni þó nokkrar blikur séu á lofti, m.a. vegna aukinna ferðalaga fólks á meginlandinu og víðar til A-Evrópu og vaxandi ferðamannastraums til Asíu.

Rannsóknir benda til þess að nær 85% landsmanna á aldrinum 16-75 ára hafi farið í ferðalög innanlands á árinu 1996 er stöðu eina nótt eða lengur, 14-15 nætur að meðaltali.

Gistinætur

Árið 1996 má áætla að gistinætur erlendra gesta á Íslandi hafi verið um 1,8-1,9 milljónir talsins, þar af um 65% þeirra í júní til ágúst.¹ Af erlendum markaðssvæðum skipta gestir frá Þýskalandi, Norðurlöndunum, Banda-rikinum, Bretlandi og Frakklandi okkur mestu máli.

Áætlaðar gistinætur innlendra gesta það ár eru aftur á móti um 3,3 milljónir.² Heildarfjöldi gistinátta á Íslandi árið 1996 var því líklega um 5 milljónir.

Tekjur

Gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum árið 1996 voru líklega á bilinu 22-25 milljarðar króna, þar af um þriðjungur vegna fargjalda.³

Talið er að útgjöld innlendra gesta á ferðalögum innanlands hafi numið rúmlega 10 milljörðum króna það ár.⁴ Eru þá útgjöld vegna dagsferða ekki talin með.

Þannig má áætla útgjöld erlendra og innlendra ferðamanna vegna ferðalaga á Íslandi allt að 35 milljarða króna á árinu 1996.

2.2 Suðurland

Gestir og gistinætur

Suðurland allt

Samkvæmt könnuninni Dear Visitors '96 komu um 92% allra erlendra gesta sumarið 1996 eitthvað á Suðurland, eða um 95.000 gestir, og 57% gistu þar, um 59.000 manns. Samkvæmt rannsóknum Ferðamálaráðs virðast 12-14% gesta sem koma utan háannatíma gista á Suðurlandi. Hins vegar er ekki er vitað hve stór hluti þeirra gesta er kemur utan háannatíma ferðast eitthvað um kjördæmið. Lauslega má áætla að það séu um 50-70% þeirra og samkvæmt því komu 150-170 þúsund erlendir gestir á Suðurland árið 1996.

Miðað við fyrirliggjandi rannsóknir má lauslega áætla að gistinætur á Suðurlandi hafi verið rúmlega 1 milljón árið 1996, um þrjár af hverjum fjórar innlendar, 20% af öllum gistinóttum á Íslandi. Áætla má að um 65% þeirra hafi verið í júní til ágúst.

Samkvæmt ferðavenjukönnun Hagstofunnar voru nær þriðjungur af ferðum Íslendinga árið 1996 farnar á Suðurland og ríflega fjórðungur gistinátta Íslendingar var þar í, mun fleiri en í nokkru öðru kjördæmi á Íslandi.

Árnes-og Rangárvallasýslur

Áætla má að 53% af gistinóttum erlendra gesta í Árnes-og Rangárvallasýslu sumarið 1996 hafi verið í uppþúnu rúmi en tæplega 30% í tjaldi og að erlendar gistinætur hafi alls verið um 155.000 talsins. Svarendur frá Mið-Evrópu og Norðurlöndum voru með nær 70% gistinátta í Árnes-og Rangárvallasýslu sumarið 1996, gestir frá S-Evrópu 11%, Bretlandi 8% en gestir frá Norður-Ameríku aðeins 5%, skv. Dear Visitors '96.

¹. Dear Visitors '96 og kannanir Ferðamálaráðs 1996.

². Ferðavenjukönnun Hagstofunnar 1996.

³. Heimildir: Seðlabankinn, Dear Visitors '96, Góðir Íslendingar '96 og kannanir Ferðamálaráðs.

⁴. Samkvæmt nýútkominni ferðavenjukönnun Hagstofu Íslands frá árinu 1996 voru gistinætur Íslendinga á ferðalögum innanlands um 3,3 milljónir talsins. Samkvæmt könnuninni "Góðir Íslendingar '96" var meðaleyðsla Íslendinga um 3.100 kr. á gistinótt. Samkvæmt því voru heildarútgjöld þeirra á ferðalögum innanlands, burtséð frá kaupum fyrir ferð, um 10 milljarðar króna.

Af gistinóttum Íslendinga í Árnes og Rangárvallsýslu sumarið 1996 voru hins vegar einungis um 10% í uppþúnu rúmi en 25-31% í eigin sumarhúsi, leigðu orlofshúsi eða í tjaldi.

Útgjöld

Áætla má að útgjöld ferðamanna á Suðurlandi árið 1996 hafi verið á bilinu 3,6 til 4 milljarðar króna, fyrir utan útgjöld dagsferðamanna og Íslendinga sem fóru um hálendi Suðurlands.


Er líklegt að tekjur af erlendum gestum hafi numið 40-45% af þeirri upphæð, þar sem dagleg útgjöld þeirra eru a.m.k. helmingi hærri en Íslendinga á ferðalagi um Suðurland. Útgjöld innlendra næturgesta á Suðurlandi sumarið 1996 voru að meðaltali 2500 kr. á mann, sem er minna en í öllum hinum landsbyggðarkjördæmunum, skv. "Góðir Íslendingar '96".

Eftirsóknarvert

Um 200 svarendur í Suðurlandskönnun árið 1996 sem gerð var í tengslum við könnunina "Góðir Íslendingar '96" nefndu hvað þeim þætti eftirsóknarverðast fyrir ferðamenn á Suðurlandi. Nefndi hver þeirra að meðaltali 2,5 eftirsóknarverða hluti. Af þeim taldi tæpur helmingur fallega náttúru á Suðurlandi eftirsóknarverða. Fimmtí hver svarandi nefndi Gullfoss og Geysi, en 9-11% Þingvelli, Þórsmörk, Sögustaði og góðar samgöngur, góða þjónustu eða aðstöðu og gott veður.

Súlurit 1

Eftirsóknarvert á Suðurlandi



Af sex nafngreindum stöðum sem nefndir eru eftirsóknarverðir eru því fjórir í Uppsveitum Arnessýslu, þ.e. Gullfoss, Geysir, Þingvellir og Þjórsárdalur.

Alit á ferðaþjónustu á Suðurlandi


Afstaða svarenda í könnuninni Góðir Íslendingar '96 til ýmissa þátta í ferðaþjónustu á Suðurlandi var nokkuð misjöfn eftir því hvað var um að ræða. 29-37% svarenda töldu sig ekki þekkja til gistingar (undir þaki), upplýsingagjafar, tjaldstæða og veitinga í kjördæminu. Helmingur kvaðst ekki geta dæmt um skipulagða afþreyingu auk þess sem

hún fékk slaka dóma. Er þetta umhugsunarvert fyrir hagsmunaaðila í ferðapjónustu á Suðurlandi.

Samgöngur og verslanir fengu nokkuð góða dóma. 11-12% töldu merkingar slakar og sömuleiðis skipulagða afþreyingu.

Súlurit 2

Álit Íslendinga á ferðapjónustu á Suðurlandi



3.0 Stöðumat - Uppsveitir

3.1 Inngangur

Í þessum hluta verður lögð megináhersla á að gera úttekt á núverandi stöðu ferðaþjónustunnar í Uppsveitum Árnæssýslu í heild sinni - láglandi sem hálandi - og síðan stuttlega í hverju sveitarfélagi fyrir sig.⁵

- Heimamenn hafa langflestir mjög jákvætt viðhorf til ferðaþjónustunnar í Uppsveitunum.
Rúmlega 94% eru stoltir af því að gestir komi í heimsókn og tæplega 90% telja að með ferðaþjónustu hafi þar skapast ný störf sem annars hefðu ekki orðið til.
Tæplega 80% eru sammála því að ný afþreyingartilboð sem nýtast heimamönnum hafi orðið til vegna ferðaþjónustunnar og tveir þriðju eru sammála því að ferðaþjónustan hafi leitt til þess að heimamenn skynji og varðveiti betur serkenni í eigin menningu.
45% heimamanna telja að ferðaþjónustan leiði til aukins skilnings á síðum annars fólks en einungis 3% telja svo ekki vera.
- Um helmingur heimamanna telja sumargesti á svæðinu of fáa en svipað magir telja þá hæfilega marga. Nær allir (96-97%) telja gesti of fáa utan sumatíma.
- Allir leiðsögumenn töldu að framtíðin væri björt í ferðaþjónustu í Uppsveitunum.

Í Uppsveitum Árnæssýslu eru nú sjö sveitarfélög sem eru misjafnlega á veg komin í ferðaþjónustu.⁶ Víða innan svæðis er aldagömul hefð fyrir þjónustu við ferðamenn, einkum vestan til, s.s. á Þingvöllum, í Laugardalshrepp og Biskupstungum. Auk þess er komin áratuga reynsla á þjónustu við sumarhúsabyggð í Grímsnesi. Í Hrunamannahreppi hefur ferðaþjónusta verið vaxandi á síðustu árum og í Gnúpverjahreppi hefur ferðaþjónusta lengi tengst Þjórsárdal. Á Skeiðum er ferðaþjónusta tiltölulega ný viðbót við atvinnulíf heimamanna.

Störf í ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnæssýslu hafa verið lauslega áætluð 160-170 talsins en um það er í raun ekki nægilegas vitað. Gera þarf ítarlegri úttekt á þeim málum til að geta sagt um fjölda ársverka í ferðaþjónustu með vissu.

Uppsveitamenn hafa fremur lítið þurft að hafa fyrir því að fá gesti - náttúran hefur að verulegu leyti séð um þá hlið mála, a.m.k. hvað erlenda gesti varðar og bústaðafólkið er að mestu sjálfu sér nægt. Með öflugri uppbyggingu afþreyingar víða um land hefur samkeppni um athygli gestanna hins vegar aukist og full þörf á að móta stefnu um nýtingu þeirra auðlinda á svæðinu er öflug ferðaþjónusta getur byggt afkomu sína á. Þá má búast við harðnandi samkeppni við aðra landshluta um hylli ferðamanna ekki síst við Vesturland og orlofshúsabyggðir í Borgarfirði, eftir að Hvalfjarðargöngin opna.

⁵. Flestar umsagnir um ferðaþjónustu í Uppsveitunum sem vitnað er til í þessari samantekt (skyggð svæði) eru teknar úr skýrslunum; "Ferðaþjónusta í uppsveitum Árnæssýslu - viðhorf heimamanna og gesta" og "Erlendir og innlendir gestir á Suðurlandi 1996." Báðar skýrslurnar komu út árið 1997 og voru unnar af Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

⁶. Hér er rætt um Grímsnes- og Grafningshrepp sem eitt sveitarfélag þar sem það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnunum beggja aðila. Formlega séð er ekki svo fyrr en heimamenn greiða um það atkvæði í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Á öllum stöðum er heildarskipulag mikilvægt þannig að ferðaþjónusta vaxi í sátt við umhverfið. Æskilegt að nán samvinna sé um útfærslu á skipulagi allra hreppanna. Í harðnandi samkeppni um ferðamanninn er átak í gæðamálum vænlegur kostur. Þjónusta er byggir á gæðum og gestrisni er líklegri til að halda velli. Kynning og upplýsingamiðlun verður einnig vera vel skipulögð, ella er vinnu og fjármunum kastað á glæ.

3.2 Styrkleikar og veikleikar

Láglandi Uppsveitanna

Styrkleikar

- Heimamenn telja sterkar hliðar svæðisins fyrst og fremst vera náttúruna og merkar náttúruperlur. Einnig að svæðið sé stutt frá Reykjavík og miðsvæðis fyrir dagsferðir, þar sé næg gisting og þekktar söguslóðir. Um 10% nefna veðursæld, hálandið, góða þjónustu, sundlaugar og veitingastaði.
- Leiðsögumenn nefndu helst náttúruperlurnar: Þingvelli, Gullfoss og Geysi en einnig Flúðir og Batafólkið. Hálandið nefndu þeir nær ekkert!

Veikleikar

- Heimamenn nefna sem veikleika Uppsveitanna: slæma vegi, litla afþreyingu, stuttan ferðamannaúma, samstöðu- og skipulagsleysi og slakt skipulag á samgöngum.
- Heimamenn telja eftirfarandi ferðaþjónustu vanta í Uppsveitunum: aukna afþreyingu almennt, gönguleiðamerkingar og skipulagðar gönguferðir, aukna heilsársgistingu, fleiri skoðunarferðir og betri samgöngur. Sumir nefndu betri tjaldstæði og veitingahús, upplýsingamiðstöð og meiri veiðimöguleika.
- Leiðsögumenn nefndu slæmt ástand vega, ónóga gistimöguleika á sumrin til veikleika. Salernisaðstöðu sé ábótavant - einkum vor og haust. Vantar aukna fjölbreytni í veitingum, hátt verðlag, stuttir opnunartímar, öryggi ófullnægjandi við Gullfoss og sögulegar upplýsingar skortir.
- Leiðsögumenn töldu skorta að bæta grunnþjónustu ("kjarnaþjónustu") s.s. gistingu (fleiri gistiheimili), veitinga- og hreinlætisaðstöðu.

Þegar allt er tekið saman, umsagnir gesta og heimamanna í könnunum, umræður í hópum og álit þeirra sem að stefnumótun unnu er niðurstaðan sú að veikar og sterkar hliðar á ferðaþjónustu í Uppsveitum Arnessýslu séu eftirfarandi:

Styrkleikar	Veikleikar
Mikill fjöldi gesta	Lítill skipulögð afþreying
Stærstu orlofshúsabyggðir landsins	Fáir skipulagðir viðburðir - hátíðir
Geysir, Gullfoss, Þingvellir	Upplýsingaþjónusta ómarkviss
Nálægð við markaðinn	Skortur á heimaleiðsögn
Góðar samgöngur	Skortur á fagfólki
Mild veðráttá	Of lítið frumkvæði heimamanna
Aðgengileg náttúra og fríðsæld	Lítið gistirými utan háannar
Jákvætt viðhorf til ferðaþjónustu	Merkingum ábótavant
Umferð um Kjöl	Fræðslu ábótavant
Sundlaugar	Óskýr heildarímynd
Embætti ferðamálafulltrúa	Misgott vegakerfi
Mismunandi hringleiðir	Ónóg tengsl við sumarhúsafólk
Rótgróin ferðaþjónusta	Gæði og þjónusta misjöfn
Tengsl við sögu og náttúru	Takmörkuð samvinna
	Lítill þekking á markaðsmálum

Hálandið og afrétturinn

- 15% innlendra gesta gátu dæmt um aðbúnað fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum og 8-9% í Árbúðum og við Hvítárvatn. 30-40% töldu úrbóta þörf.
- Verulegur meirihluti innlendra og erlendra gesta í Uppsveitunum töldu að fjallaskálar og fræðsluskilti væru ásættanleg mannvirki á hálendi Íslands. Meirihluti innlendra ferðamanna voru einnig sáttir við brýr, tjaldstæði og áningarstaði fyrir ferðamenn á hálendinu.
- Einungis 18-20% erlendra gesta vildu hafa hótél/gistiheimili eða bundið slitlag á hálendinu, 9% háspennu-og símalínur og 5% virkjanir. 34% Íslendinga töldu vikjanir ásættnaegar á hálendinu, fjórðungur bundið slitlag á hálendis-vegum, háspennu-og símalínur en einungis 17% hótél/gistiheimili.
- Um helmingur heimamanna telja aðstöðu fyrir ferðamenn á hálendinu einungis sæmilega eða slaka.
- Um 60% leiðsögumanna töldu aðstöðu á hálendinu ábótavant.

Merkileg náttúruverndarsvæði, verndarsvæði, menningar og söguminjar eru á afrétti Uppsveitanna. Þar eru ýmsar fornar reiðleiðir og gönguleiðir og ýmsir möguleikar á nýjungum í þeim efnum. Víða eru fjallskálar í misgóðu ásigkomulagi. Í Árbúðum er þjónustumiðstöð og vaxandi þjónusta við ferðamenn í Hólaskógi í Gnúpverjahreppi.

Eftirfarandi lýsingar á þessu svæði eru teknar upp úr skýrslu Samvinnunefndar um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands frá maí 1997 og gefa nokkra innsýn í þá miklu ónýttu möguleika sem eru til skynsamlegrar þróunar ferðapjónustu þar.⁷

Gosbeltið í vestuhluta Arnessýslu:

Þar eru ..."merkar gosminjar, fagurformaðar dyngjur, stapar, gígaraðir og hraun sem eru meðal merkari náttúruverndarsvæða Miðhálandisins. Þetta eru Skjaldbreiður, Lambahraun og eldstöðvar á vestanverðum Kili. Þá eru gróðurlendin upp með Hvítá og Þjórsá ásamt Þjórsárverum hluti náttúruverndarsvæða, auk fjallendis Kerlingarfjalla. Þessi svæði eru jafnframt fjölsóttustu og ein mikilvægustu útivistar-og ferðamannasvæði hálandisins."

Þjórsárver-Kerlingarfjöll:

Svæðið milli Kjalvegjar og Sprengisandsleiðar - sunnan Hofsjökuls. "Svæðið með Þjórsá og Gljúfrafá inn að Kisu með fögrum og stórfenglegum fossum og gljúfrum ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu gróðurfari og lindum /.../ Ahugavert útivistarsvæði allt árið." Gott göngu-og útivistarsvæði er frá upptökum Hvítár og niður fyrir Gullfoss.

Hvítárvatn-Þjófadalur - Hveravellir:

Fjölbreytt sýnishorn eldstöðva frá ísöld og nútíma. Hverasvæði á Hveravöllum og votlendi við Hvítárvatn.

Þingvellir - Skjaldbreið - Lambahraun:

Merkar eldstöðvar. Skjaldbreið er á náttúruminja-skrá og hellirinn Jörmundur í Lambahrauni er friðlýstur sem náttúruvætti.

"Víða eru menningar-og söguminjar tengdar fornri byggð, hlunnindanýtingu og ferðalögum fyrri tíma. Mikilvægustu þjóðminjasvæðin eru forn byggingarsvæði í Þjórsárdal og á Hrunamannaafretti." Þjóðminjar á Skáldabúðaheiði.

3.3 Ímynd Uppsveitanna

⁷. "Miðhálandi Íslands - Svæðisskipulag 2015 " 1997:168-169.

Ímynd Uppsveita Árnæssýslu virðist fremur einföld í hugum erlendra gesta; tengist Gullfossi og Geysi en einnig nokkuð fallegri náttúru og góðu viðmóti heimamanna.

Ímynd Uppsveitanna er hins vegar margþættari í hugum innlendra gesta. Margir nefna sumarhúsin, að svæðið sé aðgengilegt, gott veður, búsæld, sund og Skálholt. Uppsveitirnar eru því þekktar í hugum landsmanna sem vinalegt sumarhúsasvæði sem fljótlegt er að aka til eftir góðum vegum frá höfuðborgarsvæðinu. Þar er gott að hvílast og slaka á hæfilega langt frá ys og þys þéttbýlis.


Tafla 1 Ímynd innlendra og erlendra gesta af Uppsveitunum samanborin við hugmyndir íbúa um ímynd gestanna

Nr.	Íslendingar efst í huga	Heimamenn: ímynd Íslendinga	Útlendingar efst í huga	Heimamenn: ímynd útlendinga
1	Gullfoss	Náttúrufegurð	Gullfoss	Náttúrufegurð
2	Geysir	Góð afþreying	Geysir	Gullfoss
3	Sumarhúsalið	Gullfoss	Náttúrufegurð	Geysir
4	Náttúrufegurð	Gott viðmót	Gott viðmót	Hreinlegt
5	Aðgengilegt	Geysir	Friðsælt	Náttúruperlur
6	Gott veður	Þingvellir	Hestaferðir	Jarðhiti/hverir
7	Búsældarlegt	Skálholt	Heitt vatn/hverir	Friðsælt
8	Gott viðmót	Sumarhúsalið	Þingvellir	Þingvellir
9	Sund	Búsældarlegt		
10	Skálholti	Lítil afþreying		

107 Íslendingar (60%) og 102 (82%) erlendir gestir í Uppsveitakönnuninni nefndu hvað þeim þætti eftirsóknarverðast í Uppsveitunum. Íslendingar nefndu að meðaltali 2,6 atriði en erlendir gestir 2,3 atriði.

Innlendir gestir nefndu fallega náttúru, Gullfoss og Geysi í 33-38% tilvika, en 10% nefndu Skálholt, vatnasport og að margt væri hægt að gera á svæðinu. Erlendir gestir nefndu Gullfoss og Geysi í 60% tilvika, rúmur þriðjungur nefndi fallega náttúru og níundi hver hestaferðir og 8% fossa eða vatnsföll.


Súluurit 3 Eftirsóknarvert í Uppsveitum Árnæssýslu



3.4 Fjöldi gesta og gistinguáttanna

Áætlað er að sumarið 1996 hafi um 66.000 erlendir gestir farið um Þingvelli, 69.000 komið að Gullfossi og Geysi, 26.000 farið yfir Kjöl og 16.000 erlendir gestir farið um Flúðir. Hæst var hlutfall gesta frá S-Evrópu að öllum þessum stöðum. Athygli vekur hve margir þeirra fóru yfir Kjöl en hins vegar lágt hlutfall gesta frá Norðurlöndum og N-Ameríku. Lauslega má áætla að 100-120.000 erlendir gestir hafi komið í Uppsveitimar árið 1996.

Súlurit 4 Hlutfall erlendra gesta sumarið 1996 - eftir markaðssvæðum



Sé þetta skoðað eftir farartæki er niðurstaðan sem hér er sýnt.

Tafla 2 Hlutfall erlendra gesta sumarið 1996 - eftir farartæki

Stað	Hóþferð	Aætlun	Bílaleigub.	"Vinabíll"	Eigin bíll	Reiðhjól
Þingvellir	60	61	68	65	64	58
Geysir & Gullfoss	68	65	70	62	70	76
Kjölur	27	18	22	17	19	37
Flúðir (ATH)	43	32	39	9	6	8

Hlutfall gistinguáttanna gesta Uppsveitum Árnassýslu af öllum gistinguáttum á Suðurlandi er erfitt að áætla með nokkurri vissu. Þó virðist ekki fjarlægt að 30-40% af gistinguáttum Íslendinga á Suðurlandi séu þar í ljósi mikils fjölda sumarhúsa á svæðinu. Miðað við það voru gistinguáttur Íslendinga 240-330 þúsund talsins árið 1996. Ef reiknað er með því að svipað hlutfall af gistinguáttum erlendra gesta í Árnas-og Rangárvallsýslu séu í Uppsveitunum fjölgar gistinguáttunum um 60-80 þúsund. Þannig má mjög lauslega áætla gistinguáttur í Uppsveitum á bilinu 300-400 þúsund talsins. Til að áætla þetta með meiri nákvæmni þarf að gera frekari rannsóknir.

Margt bendir til að um 50% af tjaldgistingum Íslendinga á Suðurlandi séu í Uppsveitunum.

4.0 Stöðumat - Sveitarfélög

4.1 Þingvallahreppur Íbúar: 45

Menning

Þingvellir eru sögufrægasti og helgasti staður landsins. Þingvallabjórðgarður hefur verið friðlýst svæði frá 1928 og er hann í umsjá Þingvallanefndar. Á miðöldum og lengi síðar voru Þingvellir vettvangur hvers kyns háttíðahalda. Þar var Alþingi Íslendinga haldið í um 900 ár og um aldir dómstóll þjóðarinnar. Tímamót urðu með kristnitökunni árið 1000 og Þingvellir urðu ein af miðstöðvum kristnihalds. Á 19. öld urðu Þingvellir mikilvægur vettvangur sjálfstæðisbaráttunnar. Skipulögð dagskrá er í þjóðgarðinum um helgar á sumrin og skoðunarferðir með leiðsögn. Saga, ástir og örlög á hverju strái.

Atvinna

Landbúnaður ásamt þjónustu við ferðamenn og sumarhúsaeygendur. Þjónustumiðstöð er rekin í þjóðgarðinum. Hótel Valhöll og Þingvallasiglingar.

Náttúra

Þingvallavatn er á náttúruminjaskrá. Vatnið, kjarri vaxið hraunið og djúpar gjár skapa Þingvallasveit sérstöðu miðað við aðra staði á Suðurlandi. Svæðið býður upp á góða útivistarmöguleika sumar og vetur. Tveir fjallvegir, Uxahryggir og Kaldidalur liggja upp úr Þingvallasveit.

Ferðaþjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Þingvellir - sögufrægasti staður Íslands	Merkingum ábótavant
Náttúrufegurð	Lítill fræðsla um staðinn
Merkileg jarðsaga	Nær engin þjónusta utan sumartíma
Góðir göngumöguleikar	Engin eldsneytissala
Veiði í Þingvallavatni	Fremur lítil skipulögð afþreying
Þingvallasiglingar	Lítill upplýsingagjöf til ferðamanna

4.2 Grímsnes-og Grafningshreppur Íbúar: 320

- Um 40% innlendra gesta treystu sér til að meta aðstöðuna í Þrastarlundi. 20% þeirra sem afstöðu tóku töldu aðstöðuna ekki nægilega góða.
- Umsögn heimamanna: "Það keyra allir erlendir hópferðamenn gegnum Grímsnesið og skoða Kerið. Ekkert af þessu fólki hefur viðkomu í sveitinni. Það mætti að skaðlausu láta fólk úr einni og einni rútu stoppa á bæjum í mat o.s.frv. til að létta á öðrum svæðum. Leggjja áherslu á eftirfarandi í Grímsnesi: Kerið, hálendið, Skjaldbreið og Lyngdalsheiði. Borg í Grímsnesi er ónýttur staður í ferðabransanum og mætti fara að huga að uppbyggingu þar."
- "Koma upp upplýsingamiðstöð á Borg sem gæti nýst öllu svæðinu."

Menning

Í Grímsnesi er vísir að þéttbýli við Borg og Sogsvirkjanir. Á Borg er félagsheimili, skrifstofur hreppsins og verslun, en á Ljósafossi skóli og sundlaug. Sumarhúsamening er mest áberandi í Grímsnesi af öllum hreppum Uppsveitanna og hafa mörg félög sumarhúsaeygenda verið stofnsett þar. Úlfljótsvatn er sögufrægasti staðurinn í Grafningi, þar eru skátar með sumarhúsin og Reykjavíkurborg með aðstöðu. Kirkjan að Úlfljótsvatni var byggð 1914. Neðan við Þrastarlund og út á Skógartanga er fólkvangur í eigu Landverndar og Árnessýslu. Sýslumannshúsið á Kiðjabergi frá 1869 er elsta íbúðarhús í sveitum Árnessýslu.

Sólheimar í Grímsnesi var stofnað 1930, þar búa nú um 100 manns af þeim um 40 fatlaðir. Þorpið tilheyrir samtökum Global Eco-village Network, vistvænna byggðakjarna. Á Sólheimum er rekið gistiheimili og tekið á móti ferðamönnum, þangað komu um 2000 manns í skipulögðum hópum á sl. ári. Stefnt er að safni/sýningu árið 2000 á 70 ára afmæli Sólheima.

Margar sögur og sagnir tengjast þessu svæði. Á Klausturhólum var holdsveikraspítali og þar er talið að leiði Gríms landnámsmanns sé. Á Mosfelli bjó Ketilbjörn gamli og er saga til um silfurjárshjóð hans. Á Búrfelli undir samnefndu fjalli er bændakirkja frá 1845. Uppi á Búrfelli er tjörn sem sögð er tengjast Kerinu, þegar vatnsborð lækkar í Kerinu hækkar í tjörninni, göng eru þar á milli og nykur á ferð. Sagan segir einnig að undir Hestfjalli liggja göng og þar búi skímsli eða ormur. Í Jórúkleif bjó Jóra tröllkona sem sat fyrir ferðamönnum og drap þá.

Atvinnulíf

Landbúnaður og vinna við virkjanir. Þjónusta við sumarhúsaeygendum, ferðapjónustubændur. Í Nesbúð er rekin fjölþætt ferðapjónusta.

Náttúra

Margar eldstöðvar eru í Grímsnesi. Þekktastar þeirra eru Seyðishólar og Tjarnhólar. Kerhóll við Seyðishóla og Kerið eru á náttúruminjaskrá. Neðra Sog þ.e. frá ármótum Hvítár ásamt Álftavatni, Þrastarskógi og hluta af Öndverðanesi er á náttúruminjaskrá og eru kjörin útivistarsvæði. Í Grafningi fallett og fjölbreytilegt landslag. Reykjavíkurborg og Hitaveita Reykjavíkur hafa merkt gönguleiðir um Hengilssvæðið og er þar vinsælt útivistarsvæði. Nesjavallaland er fríðað til uppgræðslu og skógræktar.

Ferðapjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Sögustaðir; landnámsmenn og þjóðsögur	Takmörkuð þjónusta
Mikil sumarhúsabyggð	Skortur á afþreyingu
Kerið, Skjaldbreið, Lyngdalsheiði	Mikið gegnumstreymi ferðamanna.
Útivistar og göngumöguleikar	
Jarðhiti - Nesjavallavirkjun	
Fallett landslag	

4.3 Laugardalshreppur

Íbúar: 230

- 62% Íslendinga gátu dæmt um aðstöðuna á Laugarvatni. Af þeim töldu 85% hana vera góða.
- 66% heimamanna telja aðstöðuna á Laugarvatni góða eða fremur góða en 34% telja að hana þurfi að bæta. Helst gagnrynt að þar vanti vetrargistingu, bæta þurfi aðkomu og aðbúnað við vatnið, koma frárennismálum í lag og efla afþreyingu.
- 85% leiðsögumanna gátu dæmt um aðstöðu á Laugarvatni. Um 30% þeirra töldu að hana þyrfti að bæta.
- Umsögn heimamanns: Leggja á áherslu á eftirfarandi: "Heita vatnið í Laugardal, skólana og fjöllin fyrir ofan byggðina."

Menning

Byggða- og þjónustukjarni er að Laugarvatni. Þar eru skólar, verslun, pósthús, banki, skrifstofur o.fl. Skólar og líf í kringum þá eru einkennandi fyrir þetta svæði sem er stærsta skólasetur á Íslandi. Þar eru Héraðsskólinn, Íþróttakennaraskólinn, Húsmæðra-skólinn og Menntaskólinn að Laugarvatni, þó ekki allir starfandi nú. Á veturna eru nemendur fleiri en íbúar og á sumrin eru ferðamenn í meirihluta. Að Laugarvatni er mjög góð aðstaða til íþróttaiðkana, þar eru íþróttavellir, íþróttahús, sundlaug, gufa og golfvöllur. Náttúrulegt gufubað er byggt yfir hver. Vígðalaug, þar voru menn skírðir til kristinnar trúar kringum árið 1000.

Atvinna

Flestir vinna í tengslum við skólana. Tvö Edduhótel eru rekin á Laugarvatni á sumrin. Önnur ferðaþjónustufyrirtæki eru í eigu heimamanna og hafa margir atvinnu af þjónustu við ferðamenn. Landbúnaður er einnig stundaður og garðyrkja.

Náttúra

Helstu einkenni eru vatnið, skógivaxin hlíðin og mikil veðursæld. Laugarvatnshellar og Stóragilshellir í Laugarvatnsfjalli. Fjölbreyttir möguleikar eru á gönguleiðum. Laugarvatn, Brúará og Brúarárskörð eru á náttúruminjaskrá, í skörðunum er óvenjulegur foss, fjölskrúðugur gróður og tilkomumikið landslag. Tintron er sérstæður hraunketill á náttúruminjaskrá.

Ferðaþjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Góð íþróttaaðstaða	Frárennismál
Næg gisting á sumrin og tjaldaðstaða	Lítill skipulögð afþreying
Göngumöguleikar	Lítill gisting utan sumartíma
Hefð fyrir ferðaþjónustu	

4.4 Biskupstungnahreppur

Íbúar: 520

- Um 90% þeirra Íslendinga og um 80% erlendra gesta sem gátu dæmt um aðstöðuna við Geysi töldu hana góða. Um þriðjungur Íslendinga og 25% útendinga töldu aðstöðuna við Gullfoss ekki nægilega góða.
- 88% heimamanna töldu aðbúnað góðan við Geysi, 68% við Gullfoss og 65% töldu svo vera í Skálholti.
- 30% Íslendinga gátu dæmt um aðstöðuna við Skálholt og af þeim töldu 85% hana góða. 15% erlendra gesta gátu dæmt um aðstöðuna þar og 30% töldu hana ekki nægilega góða.
- Yfir 90% leiðsögumanna töldu aðbúnað góðan við Geysi, 80% við Gullfoss en einungis 40% þeirra töldu aðbúnað viðunandi í Skálholti.
- Umsagnir heimamanna: Leggja áherslu á að sýna náttúruperlurnar, Gullfoss og Geysi

Menning

Tveir þéttbýliskjarnar eru í sveitinni Reykholt og Laugarási sem hafa byggst í kringum jarðhita. Í Reykholti er skóli, sundlaug, verslun og félagsheimili. Í Laugarási er heilsugæslustöð og verslun. Margir sögustaðir eru í hreppnum.

Skálholt er fornt frægða- og sögusetur, biskupssetur frá 1056. Skóli var þar fyrr á öldum og prentsmiðja. Nú er þar aðsetur vígslubiskups, skóli og kirkja eru nýtt til tónleika- og námskeiðahalds. Í Haukadall var höfðingjasetur, þar bjó ein voldugasta ætt landsins Haukdælir. Árið 1927 stofnaði Sigurður Greipsson íþróttaskóla við Geysi og rak hann til ásamt þjónustu við ferðafólk. Í Bræðratungu var einnig höfðingjasetur um aldir, þar bjuggu ýmsar þekktar sögupersónur.

Atvinna

Landbúnaður, garðyrkja og ferðaþjónusta. Löng hefð er fyrir þjónustu við ferðamenn og mörg ferðaþjónustufyrirtæki, stór og smá. Áætlað er að allt að 200.000 ferðamenn komi á Geysissvæðið árlega og um 60.000 í Skálholt. Yleining/Límtré er vaxandi fyrirtæki.

Náttúra

Mikill jarðhiti er í hreppnum og þar eru frægustu náttúruperlur landsins Gullfoss og Geysir. Geysir er talinn hafa myndast í lok 13. aldar. Svæðið kringum hann er 15 ha, það er girt og "friðlýst" frá 1953.

Gullfoss er lýst friðland frá 1979. Skógrækt ríkisins hefur átt jörðina Haukadall frá 1940, þar er skemmtilegt útivistarsvæði allt árið, fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf. Svæðið er á náttúruminjaskrá og þar er m.a. að finna eitt af fáum ósnortnum mýrasvæðum á Suðurlandi. Rétt utan við kirkjugarðinn í Haukadall er leiði Bergþórs rísa úr Bláfelli. Pollengi og Tunguey eru votlendissvæði á náttúruminjaskrá

Brúarárskörð eru talin mestu gljúfur Arnessýslu. Á afrétti Tunngamanna eru Hvítárvatn, Hvítárnes, Þjófadallir og Jökulkrókur á náttúruminjaskrá, þar er sérkennilegt og fallegt landslag. Kjalvegur liggur um afréttinn, fjölfarin leið norður í land.

Ferðaþjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Gullfoss og Geysir	Lítill fræðsla til ferðamanna
Skálholt og Haukadallur	Slök upplýsingamiðlun
Jarðhiti - ylrækt	Lítill fjölbreytni afþreyingar
Mikill fjöldi ferðamanna	
Fjölbreytt gístaðstaða	
Bátafólkið	
Dýragarðurinn í Slakka	

4.5 Hrunamannahreppur

Íbúar: 660

- 62% Íslendinga töldu sig geta dæmt um aðstöðuna á Flúðum og töldu yfir 90% þeirra hana góða. Þó kom fram nokkur gagnrýni á tjaldstæðið þar og verðlag. 37% útlendinga töldu sig geta dæmt um aðstöðuna þar og töldu um 85% þeirra hana góða.
- Rúmlega fjórðungur heimamanna (27%) töldu aðstöðuna á Flúðum ekki nógu góða. Einkum var talað um að bæta þyrfti tjaldstæðið.
- 80% leiðsögumanna gátu dæmt um aðstöðu á Flúðum. Um 25% þeirra töldu að hana þyrfti að bæta.
- Umsögn heimamanns: "Í Hrunamannahreppi á að leggja áherslu á að sýna verksmiðjur og gróðurhús".

Menning

Fjölmennasti hreppurinn í Uppsveitum Árnessýslu. Þéttbýlis- og þjónustukjarni er á Flúðum og þar er gnægð af heitu vatni. Þar er skóli, félagsheimili, sundlaug, banki, verslun, pósthús o.fl. Góður golfvöllur er skammt frá Flúðum og byggðasafn í einkaeigu að Gröf.

Einar Jónsson myndhöggvari fæddist á Galtafelli, Fjalla Eyvindur fæddist í Hlíð og merki um veru hans má finna í landi Skipholts. Í Hvítárholti fundust bæjarrústir frá heiðni. Kirkjustaðurinn er Hruni þar sem Kölski kom við sögu á jólanótt. Reykjadalur fyrrum kirkjustaður. Þar bjó Daði Halldórsson, elskhugi Ragnheiðar biskupsdóttur. Tungufell er allra bæja lengst frá sjó á Suðurlandi.

Atvinna

Landbúnaður, garðyrkja, svepparækt, ferðapjónusta og vaxandi iðnaður, Límtrésverkmiðja. Heilsárs Edduhótel er rekið á Flúðum og margvísleg þjónusta.

Náttúra

Litla-Laxá rennur í gegnum Flúðir og Stóra-Laxá fellur í djúpu hrikalegu gljúfri á svæði sem er áhugavert fyrir náttúruunnendur. Kerlingafjöll eru á afréttinum og eru á náttúruminjaskrá, þar er m.a. rekinn skíðaskóli. Hrunamenn eiga víðáttumikil afréttarlönd. Brúarhlöð og austurbakki Hvítárgljúfurs eru á náttúruminjaskrá, þar er skóglendi í umsjón Landgræðslunnar.

Ferðapjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Nokkuð fjölbreytt atvinnulíf	Lítill fræðsla til ferðamanna
Vaxandi fyrirtæki	Slök upplýsingamiðlun
Jarðhiti - ylrækt	Lítill fjölbreytni afþreyingar
Fjölbreyttir gistimöguleikar	Tjaldstæði á Flúðum
Ýmis þjónusta	Opnunartímar þjónustustaða
	Vegur Flúðir-Brúarhlöð
	Slakt hótél
	Vantar grænmetismarkað

4.6 Skeiðahreppur

Íbúar: 260

- Um 60% leiðsögumanna og ferðaskipuleggjenda gátu dæmt um aðstöðuna í Brautarholti. Af þeim töldu 40% að hana þyrfti að bæta.
- Einungis 22% Íslendinga gátu dæmt um aðstöðuna á Brautarholti. Af þeim töldu 20% að hana mætti bæta en 80% að hún væri góð.
- Umsögn heimamanns: "á Skeiðum á að leggja áherslu á að sýna ferðamönnum hinn hefðbundna búskap".

Menning

Þéttbýliskjarni á Brautarholti, þar er skóli, félagsheimili, sundlaug og verslun. Reykjaréttir eru fallett mannvirki, byggðar árið 1881 og endurhlaðnar 1991. Í Ólafsvallakirkju er altaristafla eftir Baltasar. Áshildarmýri er í eigu Arneseingafélagsins, þar mótmæltu bændur ánaud og kúgun árið 1496. Áveita úr Þjórsá og framræsla mýra á fyrri helming aldarinnar gjörbreyttu skilyrðum til búskapar á svæðinu. Skeiðin voru fyrsta sveit þar sem sjálfvirkur sími var lagður á alla bæi.

Atvinna

Landbúnaður er aðalvinnugrein. Ferðaþjónustufyrirtæki eru fá, en vaxandi. Sveitarfélagið rekur sundlaug, tjaldsvæði og gistingu í skólanum á sumrin.

Náttúra

Sveitin er miðsvæðis. Góðar vegatengingar og stutt í flestar náttúruperlur á Suðurlandi. Eitt fjall er á Skeiðunum - Vörðufell. Er það myndað úr grágrýti og móbergi. Að öðru leiti er flatlendi og víðsýni einkennandi. Höfðaflatir: votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells er á náttúruminjasrá, þar er fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf.

Ferðaþjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Miðsvæðis á Suðurlandi	Fáir í ferðaþjónustu
Nálægð við byggðakjarna	Mikill gegnumakstur ferðamanna
Oflugur landbúnaður	Lítill hefð fyrir ferðaþjónustu

4.7 Gnúpverjahreppur

Íbúar: 310

- 23% Íslendinga gátu metið aðstöðuna í Árnesi og 28% í Þjórsárdal. Af þeim töldu 80% hana vera góða í Árnesi en um 60% í Þjórsárdal.
- Rétt innan við helmingur leiðsögumanna taldi aðstöðuna í Árnesi góða.
- Umsögn heimamanns: "Í Gnúpverjahreppi á að leggja áherslu á að sýna virkjanir og hálendið".

Menning

Þéttbýliskjarni er í Árnesi, þar er skóli, félagsheimili og verslun. Árnes er síðasti þjónustukjarni áður en lagt er á Sprengisand. Landsvirkjun rekur Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal, þangað koma um 8-10.000 manns á ári. Næsta ár verður byggð þar kirkja. Sundlaug er í Þjórsárdal og önnur í byggingu í Árnesi. Á Stóra Núpi bjó sálmaskáldið Valdemar Briem og í kirkjunni er altaristafla eftir Ásgrím Jónsson.

Atvinna

Landbúnaður og vinna við virkjanir við Þjórsá og Tungnaá.

Náttúra

Fjölbreytt landslag er í hreppnum, fjöll, hálsar, hraun, mýrar, móar og skógur. Árnes er eyja í Þjórsá þar er talið að þingið hafi verið og má sjá minjar um það. Sýslan dregur nafn sitt af Arnesi.

Efri hluti hreppsins, Þjórsárdalur, er á náttúruminjaskrá. Þar var blómleg byggð sem lagðist af í Heklugosi 1104. Þar eru bæjarstæði um 20 bæja þekkt. Nokkrir þeirra voru grafnir upp 1939, en heillegustu rústirnar voru að Stöng og urðu þær fyrirmynd að Þjóðveldisbænum sem byggður var upp úr 1974. Árið 1938 var dalurinn friðaður fyrir búfé og Skógrækt ríkisins, Landsvirkjun og Gnúpverjahreppur hafa staðið að landgræðslu. Svæðisskipulag um Þjórsárdal liggur frammi og þar er ónumið land varðandi ferðapjónustu.

Margar náttúruperlur eru í hreppnum s.s. Gjáin (á náttúruminjaskrá), Hjálparfoss, Háifoss, Granni og Búði. Þjórsárver hafa verið friðland frá 1981, þar er stærsta varpland heiðagæsarinnar í heiminum.

Ferðapjónusta

Styrkleikar	Veikleikar
Stöng og Þjóðveldisbær	Utan alfaraleiðar
Vatnsaflsvirkjanir	Lítill samvinna og fáir í ferðapjónustu
Þjórsárver	Engin skipulögð afþreying
Fossar	

5.0 Stöðumat - málaflokkar

5.1 Inngangur

Í þessum kafla mun skoðuð núverandi staða í einstökum málaflokkum er tengjast ferðaþjónustu í Uppsveitunum. Fyrst mun skoðað skipulag og stjórnun ferðamála á svæðinu en síðan gæðmál, umhverfismál og hvernig samvinnu á svið ferðaþjónustu er háttáð.


Ástandið í útgáfumálum, markaðs- og kynningarmálum, upplýsingamálum, merkinga- og fræðslumálum verður einnig metið. Sérstök áhersla verður lögð á að meta afþreyingarmöguleika og núverandi markhópar ferðamanna á svæðinu verða skoðaðir. Þá verða grunnþættir ferðaþjónustu skoðaðir, þ.e. samgöngur, gisting, veitingar og afþreying og að lokum lagt mat á stöðu ferðaþjónustu utan háannatímans.

5.2 Skipulag og stjórnun ferðamála

Skipulag ferðamála í Uppsveitum snýst fyrst og fremst um nýtilkomið embætti ferðamála-fulltrúa Uppsveitanna með aðsetur í Aratungu sem allir hreppar í Uppsveitunum standa að. Áður sinntu sveitarstjórnarmenn á hverjum stað þessum málaflokki í hreppsnefndum eða atvinnu og ferðamálanefndum. Um tíma var starfandi ferðamálafélag í Biskupstungum og ferðamálafulltrúi Suðurlands sinnti ýmsum tilfallandi verkefnum fyrir Uppsveitirnar.

Starf ferðamálafulltrúa er fjölbreytilegt og í mörg horn að líta eins og mynd 1 sýnir.

Mynd 1 Samskiptanet ferðamálafulltrúa - einfaldað



5.3 Gæðamál

- Um 90% innlendra og erlendra gesta töldu þjónustulund starfsfólks í ferðaþjónustu í Uppsveitunum góða og 75% heimamanna töldu svo vera.
- **Gæði afþreyingar** - heimamenn: Einungis 20-30% töldu gæði afþreyingar í Uppsveitunum mikil. 20-30% töldu svo vera varðandi gróðurhús, sundlaugar og golf. 10-20% varðandi hestaferðir, listir og menningu, 5-9% voru ánægðir með söfn, veiði og vetrarsport í Uppsveitunum og einungis 2-5% voru ánægðir eð framboð á gönguferðum, afþreyingu fyrir börn og skoðunarferðir.

Styrkleikar	Veikleikar
Jákvætt viðhorf heimamanna	Þjónusta einstakra fyrirtækja
Viðmót heimamanna	Takmörkuð gæðaumræða
Þjónusta einstakra fyrirtækja	Þjálfun starfsfólks
	Engin gæðaflokkun
	Oryggismál

5.4 Umhverfismál

- Flestir heimamenn töldu að frárennismál þyrfti að bæta (67%) og einnig umhverfisvitund heimamanna (63%). 53-55% töldu náttúruspjöll of mikil og að umgengni bæði ferðamanna og heimamanna þurfi að bæta. 47% töldu að bæta þyrfti meðferð sorps í Uppsveitunum.
- 15% erlendra gesta og 25% innlendra gesta töldu umhverfismál ekki í nægilega góðu lagi í Uppsveitunum, t.d. of mikið rusl við bæi eða sorpflokkun ekki næga.
- Einungis 15% leiðsögumanna töldu ástandið hvað varðar náttúruspjöll gott og 35% sögðu sorphirðu í góðu lagi í Uppsveitunum. Þriðjungur töldu umhverfisvitund heimamanna ábótavant og 20% ungeni heimamanna.

Styrkleikar	Veikleikar
Sterk náttúruímynd	Viðkvæm náttúra
Umhverfisvæn orkuvinnsla	Víða rusl í kringum bæi
Grænmeti	Losun ruslagáma við sumarhúsabyggð
Flokkun rusls er hafin	Frárennismál í ólestri
Endurvinnsla plasts á Flúðum	Umhverfisvitund heimamanna
Þátttaka í norrænu umhverfisverkefni	Vantar víða salernisaðstöðu
	Umhverfisáætlanir sveitarfélaga vantar
	Malarnámur
	Oryggismál á hættusvæðum
	Akstur utan vega

5.5 Samvinna

- Heimamenn teja samvinnu í ferðþjónustu of litla og vilja auka hana, einkum innan Uppsveitanna (95%), tæplega 80% vilja auka samvinnu við næstu sýslur og 75% við næstu landshluta. 68% kjósa helst að Uppsveitirnar vinni saman en 14% öll Arnessýsla.
- Brýnustu samvinnuverkefni að mati heimamanna: Markaðsetning og útgáfa, gerð svæðisskipulags, upplýsingagjöf og þróun ferðatilboda.
- Einungis fjórðungur heimamanna er sáttur við samvinnu innan héraðs og við nágrannahéruð, og 30% sátt við tengsl við ferðamálasamtök Suðurlands en 57% telja samvinnu við ferðaskrifstofur góða.

Veikleikar	Styrkleikar
Skortur á samvinnu	Vilji til samvinnu innan svæðis og utan
	Fjöldi félaga með virka starfsemi

5.6 Útgáfa og markaðssetning / kynning

- 25% innlendra gesta leituðu upplýsinga um Uppsveitir fyrir ferð þangað, þar af 3% í ferðabæklingum um svæðið.
- 80% erlendra gesta leituðu upplýsinga um Uppsveitirnar, þar af 7% í upplýsingabæklingum um svæðið.
- Einungis 20-24% heimamanna töldu markaðssetningu á Uppsveitunum innan lands sem utan vera góða og 30% töldu markaðsþekkingu rekstraraðila í ferðþjónustu góða.
- Rúmlega 50% heimamanna töldu útgáfumál í góðu lagi.
- Um helmingur leiðsögumanna taldi ástand í útgáfumálum í Uppsveitunum (bæklingar o.fl) ekki nægilega gott.

Gefið er út sameiginlega Uppsveitakortið, allir hreppar voru kynntir sameiginlega í *Sumar á Suðurlandi*, sum svæði og einstök þjónustufyrirtæki gefa út bæklinga og í nokkrum tilfellum hafa fleiri en einn aðili staðið saman að útgáfu. Hreppakarlinn er gefinn út í Hrunamannahreppi, en töluvert vantar á kynningu innan uppsveitanna á því hvað er á döfinni. Upplýsingar um viðburði berast seint og illa.

Áreiti frá auglýsendum fer sífellt vaxandi og setur marga í vanda að velja. Flestir kvarta undan frumskógi auglýsinga, svo mikilvægt er að móta stefnu í þessum málum. Tvær gerðir kynningarefnis eru til staðar;

- þar sem staðir eru kynntir eftir mikilvægi sem ferðamannastaðir.
- þar sem staðir eru kynntir eftir því hve mikil er greitt fyrir auglýsinguna.

Of miklum fjármunum er eytt ómarkvisst í bæklinga og auglýsingar sem mætti nýta betur til markaðsmála.

Styrkleikar	Veikleikar
Uppsveitakortið	Stórt markaðssvæði
Samstaða um Vestnorden kynningu	Markaðsþekking ferðapjónustuaðila
Sjálfkrafa með í Íslandskynningu	Vöntun á kynningaráætlun
	Skortur á samvinnu um útgáfu
	Markaðssetning framkvæmd af öðrum
	Vantar ákveðna ímynd

5.7 Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla

- Margir erlendir ferðamenn telja meiri fræðslu vanta við Geysi, einnig nokkuð við Gullfoss. Vantar að þýða upplýsingar á fleiri tungumál.
- Þriðjungur erlendra gesta og 45% Íslendinga töldu að bæta þyrfti merkingar við markverða staði. Þriðjungur erlendra og innlendra gesta gátu dæmt um gönguleiðamerkingar, helmingur þeirra erlendu gesta töldu að þær þyrfti að bæta og tveir þriðju Íslendinga voru á sömu skoðun.
- Einungis 15% heimamanna töldu merkingar gönguleiða í Uppsveitunum vera góðar, 17% fræðslu til ferðamanna, 19% merkingar sögustaða, 36% upplýsingagjöf fyrir ferðamenn, 38% aðgengi að fornminjum og 56% vegvísa í Uppsveitunum.
- Einungis 7% leiðsögumanna töldu fræðslu til ferðamanna góða í Uppsveitunum, 25% aðgengi að fornminjum, 40% vegvísa, 60% upplýsingagjöf og merkingar við sögustaði.

Styrkleikar	Veikleikar
Góðar merkingar sums staðar	Upplýsingamiðlun innan svæðis
	Merkingar og fræðsla til ferðamanna
	Upplýsingagjöf til ferðamanna

5.8 Vegir og samgöngur

- 40% erlendra gesta og 60% innlendra gesta telja vegi á svæðinu góða. Fjórdungur erlendra gesta telur þá slaka.
- Tveir þriðju heimamanna telja að almenningsamgöngur við Uppsveitir séu of litlar og tveimur þriðju þeirra þykir tengingar á samgöngum innan svæðisins þurfa að batna. Mest rætt um að vanti betri tengingu yfir Hvítá.

Styrkleikar	Veikleikar
Ýmsir möguleikar á hringakstri	Víða malarvegir
Góðir aðalvegir	Vantar tengingar svæða í áætlunarferðum
	Villugjarnt svæði
	Vantar nýjar vegtengingar og brú yfir Hvítá
	Opnartími hálendisvega.

5.9 Tjaldstæði

- Í könnuninni Góðir Íslendingar '96 kom í ljós að innlendir ferðamenn telja tjaldstæði að jafnaði betri á Norðurlandi eystra og á Austurlandi en á Suðurlandi.
- Um 45% erlendra gesta sem afstöðu tóku töldu ástandi tjaldstæða í Uppsveitunum ábótavant en 15% innlendra gesta.
- 43% heimamanna telja vanta fleiri tjaldstæði í Uppsveitunum og 60% þeirra telja gæði tjaldstæða þar ymist lítil eða misjöfn. Einungis 10% telja gæði þeirra mikil.

Slakir dómar erlendra gesta um tjaldstæði í Uppsveitunum vekja athygli. Tjaldstæðin eru afar mismunandi allt frá því að vera tún heima á bæjum með einfaldri salernisaðstöðu upp í það að vera vel skipulögð svæði með töluverðri þjónustu. Líklega eru tjaldstæði í uppsveitum nálægt 20 talsins ef allt er með talið.

Styrkleikar	Veikleikar
Nokkuð mörg tjaldstæði	Engin gæðaflokkun tjaldstæða
Mikið gist á tjaldstæðum	Ekkert fyrsta flokks tjaldstæði
	Misjöfn umhirða

5.10 Gisting

- 42-54% heimamanna töldu að framboð á gistihúsum, sumarhúsum og bændagistigu væri of lítið í Uppsveitunum og margir töldu gæði á skálagistingu of lítil.
- Leiðsögumenn töldu helst skorta gistiheimili, bændagistingu og sumarhúsagistingu á svæðinu.

Töluvert framboð er af gistingu í Uppsveitum og er enn verið að byggja og bæta við. Mest hefur verið af gistingu án baðs, en kröfur gesta eru sífellt að aukast og koma þarf til móts við þær. T.d. hefur minnkað aðsókn að stöðum sem bjóða einungis upp á stór herbergi með kojum eða dýnum og krafan er vaxandi á eins og tveggja manna herbergi.

Styrkleikar	Veikleikar
Nokkuð gott úrval gististaða yfir sumartímann.	Engin gæðaflokkun gististaða
Mikill fjöldi sumarhúsa	Ekkert fyrsta flokks hótél
	Lítill sérhæfing gististaða
	Lítill kynning til Íslendinga
	Litlir staðir
	Lítið framboð utan háannar

5.11 Veitingar

- 25% erlendra gesta töldu veitingaþjónustuna ekki nægilega góða í Uppsveitunum en um 20% Íslendinga. Um 40% töldu sig þó ekki geta dæmt um hana.
- 35% heimamanna töldu veitingaframboð of lítið.
- Leiðsögumenn töldu nægt framboð vera af veitingum en helmingur þeirra taldi gæði þeirra ekki nægileg.

Styrkleikar	Veikleikar
Nóg af skyndibitastöðum og sjoppum	Lítið um staðareinkennandi veitingar
	Fáir veitingastaðir - a. la carte
	Misjöfn þjónusta
	Opnunartími

5.12 Afþreying

- Leiðsögumenn töldu einkum vanta vetrarsport, afþreyingu tengda listum eða menningu og afþreyingu fyrir börn.
- Heimamenn töldu einkum skorta afþreyingu tengda söfnum listum og menningu, skipulagðar göngu- og skoðunarferðir, afþreyingu fyrir börn og vetrarsport.
- Einungis 10% erlendra gesta þekktu til veiðimöguleika í Uppsveitunum en þriðjungur Íslendinga. Taldi helmingur þeirra að þeir væru miður góðir.
- 60% erlendra gesta þekktu til sundlauganna í Uppsveitunum og 40% innlendra gesta. Meirihluti Íslendinga töldu þær aðeins sámilegar en 90% erlendra gesta töldu þær góðar.
- 45% innlendra gesta og 30% erlendra gesta gáu dæmt um aðra afþreyingu í Uppsveitunum og töldu 25-35% þeirra henni ábótavant.

Styrkleikar	Veikleikar
Sundlaugar	Lítið framboð af skipulagðri afþreyingu
Bátafólkið	Of lítið fyrir börnin
Dýragarður í Slakka	Takmörkuð kynning á þeirri afþreyingu sem til er
	Menning heimamanna nær ósýnileg gestum
	Engin formleg söfn á svæðinu

5.13 Ferðaþjónusta utan háannar

- Um helmingur heimamanna telur skorta aukið framboð á gistingu utan háannatíma, 60% aukið framboð veitingastaða, 63% bætta almenningssamgöngur, 82% betri opnunartíma og 88% meiri afþreyingu.
- 98% heimamanna telja erlenda og innlenda gesti of fáa í Uppsveitunum utan háannatíma.

Styrkleikar	Veikleikar
Sæmilegt framboð gistingar	Almenningssamgöngur í lágmarki
Yfirleitt góð færð/aðgengi	Margir þjónustustaðir lokaðir
Margir dagsferðamenn	Opnunartímar víða stuttur
	Lítli viðleitni til að auka þjónustuna

5.14 Markhópar

Mikið virðist um að fjölskyldufólk dvelji í Uppsveitum Árnæssýslu, einkum í leigðum sumarhúsum og á tjaldstæðum.

Gestir frá S-Evrópu, Mið-Evrópu og Norðurlöndunum gista mikið í Árnes-og Rangárvallasýslu en gestir frá Bretlandi og Bandaríkjunum minna.

Innlendir gestir	Erlendir gestir
Dagsferðamenn	Dagsferðamenn í hópferð
Gestir leigðum orlofshúsum	Dagsferðamenn á eigin vegum
Sumarhúsaeygendur	Næturgestir í hópferð
Tjaldgestir - mest um helgar	Næturgestir á eigin vegum
Ráðstefnugestir	Hvatarferðamenn
Íþóttahópar, kórar o.fl.	
Aðrir næturgestir	

6.0

Stefnumótun fyrir allt svæðið og einstaka hreppa

6.1 Inngangur - aðferðafræði

Við greiningu á stöðu afþreyingar og tillögum um þróun hennar eftir stöðum og efnisflokkum mun annars vegar stuðst við þrjúþættingu á tilurð afþreyingar, þ.e. hvort afþreyingin tengist náttúru, menningu eða atvinnulífi.

Hins vegar mun afþreying og áhugaverðir staðir í Uppsveitunum greindir eftir því hvort ferðamenn geta einungis virt fyrir sér hlutina (sjá), skynjað þá á dýpri hátt í nálægð (vera), tekið virkan þátt í einhverju (gera) eða fræðst um hlutina (læra).⁸

Tafla 3 Auðlindir ferðapjónustunnar og nýting þeirra;
greiningaraðferð við þróun afþreyingar í ferðapjónustu

	Náttúra					Menning					Atvinnulíf		
	I	II	III	IV	V	I	II	III	IV	V	I	II	III
Sjá													
Vera													
Gera													
Læra													

Samkvæmt Kamfjörd má þannig greina afþreyingu eftir fimm mismunandi þáttum er tengjast náttúru og menningu en þremur er tengjast atvinnulífi, sem hér er sýnt.

	Náttúra	Menning	Atvinnulíf
I	Osnortin náttúra og landslag Hálendið, Þjórsárdalur	Menningarlandslagið (byggingar, mannvirki) Bæir, brýr, vegir, virkjanir	Svæðiseinkennandi fyrir-tæki Gróðurhús, býli.
II	Náttúruperlur/merkir staðir Gullfoss, Geysir	Söfn, sögulegir, staðir, kirkjur, garðar, byggingar Kirkjur, Þjóðveldisbær	Markverð framleiðsla og framleiðsluaðferðir. Límtré, ræktun.
III	Utbúin svæði í náttúru fyrir afþreyingu, leiki, íþróttir... Íþróttavöllur Laugarvatni	Viðburðir; sýningar, leikrit, skemmtanir, íþróttir.	Rannsóknir og þróun tengd framleiðslu. Límtré, ræktunaraðferðir
IV	Náttúra sem svæði fyrir atvinnulíf. Ræktun ýmiss konar	Lífandi þjóðmenning: matur, tónlist, dans, handverk.	
V	Náttúra til fræðslu.	Miðlun þekkingar / nýsköpun rannsóknarstofnanir, skólar, námskeið.	

⁸. Fyrirmynd þessarar greiningar er sótt til Georg Kamfjörd, lektors við Markaðsháskólann í Osló í Noregi.

6.2 Svæðið allt

Tækifæri og nýsköpun

- Aukin fagmennska heimamanna
- Minna þekktar náttúruperlur
- Saga og menning
- Atvinnulíf og framleiðsla
- Jarðhiti
- Mislangar vetrarferðir
- Bætt vegakerfi
- Svæðisleiðsögn
- Gæðaflokkun
- Hálendið og nýting þess
- Göngu-og reiðleiðir
- Söfn og fomleifar
- Samvinna
- Fræðsla á Geysi, Þingvöllum og Skálholti
- Hálendismiðstöð Fjalla Eyvindar
- Umhverfisáætlanir
- Fræðsla og þjónustumiðstöð í Þjórsárdal.
- Heilsuferðamennska

- Hugmyndir heimamanna að nýsköpun:
Hálendis-og fjallaferðir, gönguferðir, hestaferðir, skoðunarferðir á láglandi, skíðasvæði, ódýr veiði, jarðhiti til heilsuræktar og bátsferðir.

Lagt er til að kjörorð ferðapjónustu í uppsveitunum verði "Gæði og gestrisni".

Gert verði sérstakt átak í fræðslu til heimamanna og gesta. Fræðum og menntum heimamenn í því að veita góða þjónustu og fræðum gesti um allar hliðar svæðisins, náttúru, sögu og menningu. Stefna að því að Uppsveitirnar verði í forystuhlutverki hvað þetta varðar.

Helstu markmið stefnumótunar

- Koma upp sameiginlegu merki ferðapjónustu í Uppsveitum Árnessýslu
- Auka gæði þjónustunnar
- Efla samkennd og samstöðu hagsmunaaðila og íbúa á svæðinu
- Efla útgáfu, markaðsstarf og upplýsingamiðlun
- Auka fræðslu til ferðamanna
- Kynna menningu og sögu svæðisins
- Auka fjölbreytni í ferðapjónustu, sérstaklega í afþreyingu
- Lengja dvöl hvers ferðamanns
- Auka neyslu gesta á svæðinu
- Lengja ferðamannatímann og bæta nýtingu mannvirkja
- Auka dreifingu ferðamanna um svæðið
- Bæta samgöngur.

6.3 Hálendismiðstöð Fjalla-Eyvindar

Samkvæmt nýlegum rannsóknum á ferðamönnum fóru um 45% erlendra sumargesta árið 1996 eitthvað upp á hálendi Íslands og 28% gistu þar að meðltali 4 nætur. Áætla má gistinætur á hálendinu um 200.000 árið 1996, þar af 60% meðal erlendra gesta. Um 25% gestanna fóru yfir Kjöl, 31% í Landmannalaugar og um 14% yfir Sprengisand.⁹

Þrátt fyrir þetta skortir mjög að kynna innlendum og erlendum ferðamönnum hálendi Íslands sem þekur um 40% af flatarmáli landsins; t.d. um hvernig best er að haga þar ferðum sínum, hvaða hættur bera að varast, merk náttúrufrirbrigði, viðkvæma náttúru og verndaða staði, jarðsögu hálendisins (jökklar, eldfjöll o.fl.), dýralíf, sögulega staði, þjóðsögur og útilegumannasögur hálendisins. Fjalla Eyvindur er sú persóna sem við tengjum sterkast hálendi Íslands. Ástir hans og Höllu og grimm örlög eru flestum Íslendingum kunn. Fáir þekktu betur aðstæður á hálendinu en Fjalla Eyvindur. Hann er því kjörinn til að vísa ferðmönnum veginn þar.

Lagt er til að komið verði upp veglegri og metnaðarfullri hálendismiðstöð við fæðingarbæ Fjalla Eyvindar, Hlíð í Hrunamannahreppi eða á Flúðum. Hlutverk hennar væri að fræða ferðamenn um hálendi Íslands frá sem flestum hliðum og undirbúa þá undir ferð þangað. Auk þess væri sögð örlagasaga Fjalla Eyvndar í máli og myndum. Gerð yrði vönduð heimildarmynd um sögu Fjalla Eyvindar og stytt útgáfa hennar s.s. 20 mínútur sýnd með reglulegu millibili í sýningarsal miðstöðvarinnar. Dæmi eru um svipaðar útfærslur á kynningarmiðstöðvum sem gefið hafa góða raun erlendis, t.d. í "Rob Roy Centre" í Skotlandi - þar sem þessi útlagi skosku háländanna er kynntur og öflug upplýsingamiðstöð er jafnframt rekin.

Flestir ferðamenn sem fara um hálendið leggja leið sína um Uppsveitir Árnessýslu fyrst. Því er hálendismiðstöð Fjalla Eyvindar vel staðsett þar - bæði með tilliti til ferða yfir Kjöl og Sprengisand.¹⁰ Þrátt fyrir þessa miðstöð væri þörf á góðum almennum upplýsingum um hálendið, s.s. við Geysi.

Hálendismiðstöð Fjalla-Eyvindar

2002

	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

Umsjón: Sveitarstjórn Hrunamannahrepps eða hlutafélag.

Framkvæmd: Hlutafélag um verkið, Fjalla-Eyvindar nefnd, nýsköpunarsjóður, Byggðastofnun, Landsvirkjun o.fl.

Tímasetning: Miðstöðin opnuð árið 2001

6.4 Hálendið

Tvö frumvörp varðandi Miðhálendið og skipulag þess liggja fyrir á Alþingi og samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálendisins er enn starfandi. Ekki er tímabært að gera framkvæmdaáætlun fyrir hálendisskipulag Uppsveitanna, þar sem verið er að vinna að þessum málum á öðrum vettvangi. Ráðlegt er að bíða eftir endanlegum niðurstöðum,

⁹. Heimild: "Erlendir ferðamenn á Íslandi sumari 1996". Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar - Rögnvaldur Guðmundsson 1997.

¹⁰. Á næstu mynd og þeim sem á eftir koma er vísað í töflu 3 (höf. Georg Kamfjörð) og bókstafirnir tákna nýsköpun í ferðapjónustu tengda efirfarandi sviðum. N=náttúru; M=menningu; A=atvinnulífi.

leggja þær til grundvallar og skipuleggja framkvæmdir í framhaldi af því. Hér mun þó vakin athygli á nokkrum atriðum.

Lagt er til að þegar mál skýrast verði skipaðir vinnuhópur/hópar sem vinni tillögur um uppbyggingu ferðapjónustu á afrétti Uppsveitanna. Gert er ráð fyrir skv. skipulagsnefnd að þjónustustaðir fyrir ferðamenn verði flokkaðir eftir þjónustustigi, aðgengileika o.fl. í jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar, skála og fjallasel. Huga þarf að framkvæmda-áætlun varðandi; gistiðstöðu, þjónustu, reiðleiðir, gönguleiðir, sögulegar minjar, merkingu og fræðslu. Kanna þarf nýtingu jaðarmiðstöðva, hálandismiðstöðva, miðstöðva gangnamanna og fjallakofa. Kanna þarf samvinnu við ýmis félög og stofnanir.

Það sem hægt er að gera nú þegar er að huga að nýtingu húsa í eigu sveitarfélaganna, hugsanlegri samvinnu við ýmis félög og skipulagi ýmiss konar hálandis- og jöklaferða, sumar og vetur. Ýmsir aðilar hafa lýst áhuga á að hefja skipulagðar ferðir, samvinna og stuðningur er nauðsynlegur til að af því geti orðið. Mikilvægt er að lengja tímann sem helstu fjallvegir eru opnir s.s. Kjölur og Sprengisandur.

Í skipulagstillögu samvinnunefndarinnar er lögð til eftirfarandi skipan mála varðandi jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöð og fjallasel í Uppsveitunum.¹¹

Jaðarmiðstöð: Hólaskógur í Þjórsárdal

Hálandismiðstöð: Árbúðir í Biskupstungnahreppi

Fjallasel: Bjarnalækjarbotnar, Klettur, Hallarmúli, Sultarfit, Klakkskáli, Setrið í Kisubotnum, Leppistungur, Helgaskáli, Þjófadalur, Þverbrekkarmúli, Hagavatn, Fremstaver, Svartárbotnar, Hlöðufell, Hvítárnes, Gljúfurleit.

6.5 Þingvallahreppur

Markmið:

- Bæta merkingar og alla fræðslu, um jarðsögu, menningu og sögu Þingvalla.
- Fræðlusetur.

Höfuðáherslu við uppbyggingu á Þingvöllum ætti að leggja á fræðslu til gesta um náttúru, menningarsögu Þingvalla og lífríkið þar. Það er virðingarvottur við staðinn að miðla hinni miklu sögu áfram til ferðamanna. Saga Þingvalla er svo samtvinnuð sögu og örlögum þjóðarinnar að vel skipulögð fræðslumiðstöð á Þingvöllum mun dýpka skilning, ekki síst erlendra gesta, á arfleifð og lífsbaráttu Íslensku þjóðarinnar.¹²

Hugmyndir að verkefnum

- Afþreying fyrir fjölskyldur - Fjölbreyttar gönguferðir með leiðsögn og fjölþætt fræðsla.
- Gera gestum sýnilegt á staðnum hvað gerðist hvar, með átaki í merkingum. Merktar gönguleiðir og ítarleg gönguleiðakort.
- Mjög brýnt er að auka þjónustu utan háanntíma. Eldsneytissala er öryggisatriði. Hreinlætisaðstaða allt árið er nauðsynleg.

¹¹. Miðhálandi Íslands-svæðisskipulag 2015" - 1997:168.

¹². Í skýrslu Steinunnar Ásmundsdóttur um störf landvarða í þjóðgarðinum á Þingvöllum frá 1994 má finna ýmsar tillögur að úrbótum og hugmyndir að framkvæmdum.

Þingvellir

	Nú		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

----->

	2002		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

Frumkvæði: Þingvallanefnd, Þingvallahreppur, Íslenska ríkið (fjárveitinganefnd)
Framkvæmd: Þjóðgarsverðir, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Náttúrufræðistofnun.
Verktími: Stefna á að verkinu verði að mestu lokið árið 2000 en að fullu árið 2002.

6.6 Grímsnes-og Grafningshreppur

Markmið:

- Leggja áherslu á að kynna fallega staði í náttúrunni, landnáms- og þjóðsögur.
- Styrkja samvinnu við bústaðafólk.

Verkefni

Boðið verði upp á skoðunarferðir og svæðið kynnt, ekki síst fyrir bústaðafólki, því í Grímsnesi og Grafningi eru margir fallegir staðir sem fólk þekkir ekki almennt.

Einnig þarf að huga að göngum á fell, heimsóknum í kirkjur og að draga fram sögu t.d. af skrímslum o.fl. Sýslumannshúsið og Gamla Borg bjóða upp á ýmsa möguleika.

Framkvæmd: Fulltrúar sveitarstjórnar í samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki og ferðamálafulltrúa.

Tími: Ferðir hefjist sumar '98

Í Grafningi eru ekki margir ferðaþjónustuaðilar. Þar mætti byggja upp frekari affreyningu tengda jarðhitnum og gönguleiðum á Hengilssvæðinu. Útbúa reidleiðir t.d. samhliða hitaveitulögnum og bjóða upp á þjónustu fyrir hestamenn.

6.7 Laugardalshreppur

Markmið:

- Laugarvatn verði miðstöð íþróttar, útivistar og baðmenningar.
- Auka samvinnu við Íþróttakennaraskólann um þróun ferðaþjónustu tengda íþróttaiðkun.

Hugmyndir að verkefnum

Á Laugarvatni er verið að vinna að úrbótum í frárennismálum og það þarf að gera áttak í kynningu á því, þannig að ímynd svæðisins breytist og Laugarvatn verði fjölskyldu-paradís, með áherslu á útivist og íþróttir.

Tengsl við ML og Íþróttakennaraskólann: Nemendur skólanna vinni hagnýt verkefni. T.d. tillögur að nýtingu íþróttamannvirkja í tengslum við ferðaþjónustu. E.t.v. áætlun fyrir námskeið/sumarbúðir sem tengdu saman íþróttir, umhverfi og náttúru. Í ML má bjóða upp á valáfanga tengda ferðaþjónustu þar sem verkefni gætu tekið til nánasta umhverfi.

Bæta þarf aðstöðu fyrir hjólreiðafólk þannig að allir hjólreiðamenn fái þar fyrsta flokks þjónustu. Alþjóðlega hjólreiðakeppnin "Uppsveitahringurinn" hefjist á Laugarvatni þegar árið 1999.

Þríþraut: Synða í vatninu, klífa fjall (hlaupa) og hjóla.

Laugarvatn							
	Nú				2002		
	N	M	A		N	M	A
Sjá	■	■	■	----->	■	■	■
Vera	■	■	■		■	■	■
Gera	■	■	■		■	■	■
Læra	■	■	■		■	■	■

6.8 Biskupstungnahreppur

Markmið:

- Efla þjónustu við náttúruperlur og sögustaðir. Fræðslusetur við Geysi og í Skálholti.
- Kynna betur lítt þekktar náttúruperlur.
- Efla kynni ferðamanna af ylærkt.

Skálholt - verkefni

Skálholt er óumdeilt menningarsetur Uppsveitanna - einkum á sviði tónlistar en einnig annarra lista. Styrkja þarf Skálholt sem menningarsetur, en jafnframt leggja áherslu á lifandi fræðslu og miðlun upplýsinga um þá stórmerku sögu sem staðurinn hefur að geyma sem allt í senn miðstöð kristinnar trúar, menntaseturs og stjórnarráðs Íslands um aldir. Koma inn í samvinnu um uppbyggingu á landsvísu með fleiri stöðum.

- Þar þarf að byggja upp fræðslusetur með áherslu á sögu staðarins.
- Gera þarf sögu og náttúru í umhverfi Skálholts gestum sýnilega og stórauka lifandi fræðslu á staðnum og merkingar.
- Gera áætlun um uppgröft og verndun þjóðminja (Þjóðminjasafn)
- Stuðla að auknu samstarfi helstu sögustaða á Íslandi þar sem Skálholt tæki virkan þátt.

Skálholt							
	1998				2002		
	N	M	A		N	M	A
Sjá	■	■	■	----->	■	■	■
Vera	■	■	■		■	■	■
Gera	■	■	■		■	■	■
Læra	■	■	■		■	■	■

Frumkvæði: Þjóðkirkjan, staðarhaldarar og ferðamálafulltrúi

Framkvæmd: Íslenska ríkið, Þjóðkirkjan, Þjóðminjasafn, sagnfræðingar, listamenn og sveitarfélögin.

Verktími: Stefna á að verkinu verði að mestu lokið árið 2002.

Geysir - verkefni

Geysir hefur um aldir verið eitt helsta náttúruundur Íslands og er sú náttúruperla sem dregur að flesta ferðamenn þrátt fyrir að hann hafi ekki gosið af sjálfsdáðum allengi. Lögð er áhersla á eftirfarandi úrbætur við Geysi:

- Koma upp vandaðri fræðslustofu um jarðsögu svæðisins, leyndardóminn á bak við Geysi og sagnir um hann. Safna saman því sem hefur verið skrifað um Geysi víðsvegsar um heim. Tengja söguna Suðurlandsskjálftanum sem gjarnan hefur haft mikil áhrif á Geysis-svæðinu. Tengja sögnum um komur frægra manna þangað.
- Aðalupplýsingamiðstöðin í Uppsveitunum. Áhersla á að kynna aðra staði í Uppsveitunum til að fá ferðamenn til að dvelja þar lengur.
- Bæta öryggisviðbúnað á hverasvæðinu.
- Lagt er til að Geysis-svæðið verði gert að fólkvangi undir stjórn heimamanna. Hverasvæðið innan girðingar verði í eigu ríkisins.
- Koma upp aðstöðu til móttöku á frjálum framlögum gesta við innganginn að hverasvæðinu við Geysi. Fyrst gert til reynslu sumarið 1999. Söfnunarfé rynni til endurbóta og fræðslu. Meta hvort því skuli haldið áfram eða innheimtur aðgangseyrir árið 2000.
- Geysi verði gert kleift að gjósa af eigin rammleik.

		Nú					Geysir			2002		
		N	M	A			N	M	A			
Sjá		■			----->	Sjá	■					
Vera		■				Vera						
Gera						Gera	■					
Læra						Læra	■	■				

Frumkvæði: Geysisnefnd, heimamenn, ferðaþjónustuaðilar, Náttúruvernd rík., sveitarstjórn.

Framkvæmd: Ferðaþjónustuaðilar, sveitarstjórn, Ferðamálaráð, Náttúruvernd ríkisins.

Verktími: Undirbúningur hefjist strax vorið 1998.

Gullfoss - verkefni

- Bæta göngustíga. Bæta aðkomu að austanverðu. Gera göngustíga frá Brattholti að Gullfossi.
- Auka upplýsingar erlendum málum.

		Nú					Gullfoss			2000		
		N	M	A			N	M	A			
Sjá		■			----->	Sjá	■					
Vera						Vera						
Gera						Gera	■					
Læra		■	■			Læra	■	■				

Frumkvæði: Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráð, sveitarstjórn, ferðaþjónustuaðilar.

Framkvæmd: Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráð.

Verktími: 1998 og ljúki árið 2000.

6.9 Hrunamannahreppur

Markmið:

- Auka tengsl ferðamanna við atvinnulíf þar.
- Reka þarf fyrsta flokks hótél og tjaldstæði á Flúðum.
- Hálendismiðstöð Fjalla-Eyvindar.

Hugmyndir að verkefnum

Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um uppbyggingu sem styrki Flúðir sem ferðamannastað og þær þarf að þróa frekar (sjá viðauka). Mjög áriðandi er að áfram verði öflugur hótélrekstur á Flúðum og samvinna við sterka aðila er af hinu góða. Í tengslum við gott heilsárshótél má hrinda í framkvæmd ýmsum góðum hugmyndum. Útivist og útivera með menningarlegu ívafi fyrir alla aldurshópa.

Nýtt tjaldsvæði verði skipulagt og haft í huga frá upphafi varðandi staðsetningu og fyrirkomulag að þar verði boðið upp á tjaldsvæði með háu þjónustustigi.

Efla þarf tengsl ferðapjónustu og atvinnulífs. Þjóða upp á fyrirtækjaheimsóknir og gera fjölbreytt atvinnulíf sýnilegt, leggja áherslu á gæði og hreinleika, lands og framleiðslu. Efla samvinnu fyrirtækja á þessu sviði. Heita vatnið býður upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika. Stofna þarf vinnuhóp hagsmunaaðila sem hittist, þróa og hrindir í framkvæmd í samvinnu við ferðamálafulltrúa.

Kynna þarf betur byggðasafnið á Flúðum. Hefð er komin á fjölskylduhátíð um verlsunarmannahelgi á Flúðum og henni þarf að viðhalda. Undirbúningur er hafinn að uppbyggingu skrudgarðs sem býður upp á fjölbreytta möguleika. Einnig er unnið að fræðslufni um lághitasvæði og nýtingarmöguleika þeirra.

	Nú				Flúðir		
	N	M	A		2002		
Sjá				----->			
Vera							
Gera							
Læra							

Framkvæði: Sveitarfélagið, ferðamálanefnd, hagsmunaaðilar, ferðamálafulltrúi

Framkvæmd: Sveitarfélagið, fyrirtæki, hagsmunaaðilar.

Verktími: Stefna á að verkinu verði að mestu lokið árið 2002.

6.10 Skeiðahreppur

Markmið:

- Skeiðahreppur sérhæfi sig í að sýna og kynna ferðamönnum myndarlega búskaparhætti.

Verkefni

Skeiðahreppur hefur sérstöðu vegna legu þ.e. miðsvæðis á Suðurlandi stutt frá helstu náttúruperlum, en þó í næsta nágrenni við þéttbýlið. Á Skeiðum eru tvö ört vaxandi ferðapjónustufyrirtæki, annað á sviði afþreyingar og hitt með gistingu.

Á Brautarholti mætti huga að sérhæfingu fyrir fatlaða, þar sem staðurinn hefur þegar nokkuð forskot varðandi slíka aðstöðu. Þá er átt við tjaldsvæði, sundlaug og gistingu í skóla. Bæta má aðeins við aðstöðu og kynna staðinn sem slíkan.

Góður staður fyrir fjölskyldufólk. Mætti skoða svæðið með tilliti til barnanna sérstaklega og gera enn betur. Staðurinn er kjörinn fyrir ættarmót vegna aðstöðu.

Tjaldsvæðið gæti tekið forystu í Uppsveitum varðandi umhverfismál. Semja má við sveitabæi um opið hús og einnig kynna handverk heimamanna.

6.11 Gnúpverjahreppur

Markmið:

- Efla fræðslu um sögu Þjórsárdals og byggðar þar.
- Koma upp smærri sýningu og kynningum á svæðinu í Árnosi.
- Kynna virkjarir og kanna þróun á afþreyingarmöguleikum í tengslum við þær.
- Leggja áherslu á þjónustu við útivistarfólk og hjólreiðamenn í Hólaskógi og víðar.

Gnúpverjahreppur er vannýttur sem ferðamannasvæði, þar eru víða mjög falleg náttúra og sögufrægir staðir sem mætti nýta betur. Auk þess býður hálendið upp á fjölbreytta útivistar- og afþreyingarmöguleika og þar leynast náttúruperlur sem eru mörgum ókunnar.

Þjórsárdalur - verkefni

Í Þjórsárdal er sýnishorn af hálendinu í aðeins 100-200 m. hæð yfir sjó.

- Koma þarf upp þjónustumiðstöð í Þjórsárdal.
- Bæta þarf alla aðkomu og fræðslu m.a. að Stöng. Draga fram merka sögu Þjórsárdals og þeirra rannsókna sem þar hafa átt sér stað og tengja þær jarðsögu landsins og búskapaháttum. Bæta merkingar við forn bæjarstæði.
- Kynna göngu-, hjóla- og reiðleiðir t.d. frá Stöng að Háafossi.
- Athuga hvort Eimskipafélagið vill taka Háafoss í fóstur.

Þjórsárdalur			
Nú	N	M	A
Sjá	■	■	
Vera	■		
Gera			
Læra			

----->

2002			
	N	M	A
Sjá	■	■	
Vera	■		
Gera		■	
Læra		■	

Frumkvæði: Sveitarstjórn, félag, ferðamálafulltrúi

Framkvæmd: Landsvirkjun, Þjóðminjasafn, sveitarfélagið

Verktími: Vinnu verði sem mest lokið fyrir 2002.

Þjóðveldisbær - "lifandi fortíð"

- Mismunandi þemadagar. Áhugahópar. Landnámsstíminn: handverksmenn - hestamenn bardagavíkingar. Auglýsa landnámsdaga. Forn verkmenning kynnt.
- Starfsmenn í fornum búningum og fá fleiri muni í bæinn.

Þjóðveldisbærinn

Nú			
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

----->

2002			
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

Frumkvæði: Sveitarstjórn, Landsvirkjun, Þjóðminjasafn.

Framkvæmd: Leikfélag, önnur félög, starfsmaður.

Verktími: Undirbúningur hefjist sumar '98.

7.0

Stefnumótun eftir málaflokkum

7.1 Inngangur

Ástæðan fyrir ferðalögum fólks í frítíma eða orlofi er að brjóta upp hversdagsleikann, sækja í skemmtun og tilbreytingu, takast á við nýja hluti, reyna á sig - ævintýri. "Fylla á tankinn".

Lagt er til í þessari stefnumótun að framtíðarímynd Uppsveita Árnæssýslu verði Gæði og gestrisni og að áhersla verði einnig lögð á sögu, menningu og náttúru. Í framkvæmdaáætlun hér á eftir verður m.a. leitast við að benda á leiðir að þessu takmarki.

Hugmyndin að ímyndinni "Gæði og gestrisni" er ekki úr lausu lofti gripin, um aldir hafa Uppsveitamenn tekið á móti gestum af miklum myndarskap og er óhætt að fullyrða að gestrisni er þeim í blóð borin. Hvað varðar gæðin þá er það eðlileg framþróun að efla sífellt gæði vöru og þjónustu og koma þannig til móts við vaxandi kröfur neytenda.

Í niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal gesta í Uppsveitum vakti athygli hvað viðmót og þjónusta heimamanna fékk góðan vitnisburð. Nálægt helmingur svarenda nefndi það sem sérstaklega jákvæða upplifun í heimsókninni og 90% gesta voru ánægðir með viðmót heimamanna. 95% heimamanna sem svöruðu töldu af hinu góða að fá ferðamenn í byggðarlagið og um 70% voru sammála því að ferðapjónustan leiði til betri skynjunar heimamanna og varðveislu á sérkennum í eigin menningu. Á þessu má sjá að Uppsveitamenn taka vel á móti sínum gestum, því þarf að viðhalda og sífellt að bæta um betur.

Hér á eftir munu ýmsir málaflokkar er tengjast uppbygginu og þróun ferðapjónustu skoðaðir sérstaklega, tillögur gerðar um helstu framkvæmdaaðila og tímasetningu aðgerða. Skammstafanir á framkvæmdaaðilum eru sem hér greinir.

Skammstafanir á framkvæmdaaðilum

Áh=áhugahópar	Ná=Náttúruvernd ríkisins
Bæ=bændur	Rá=ráðgjafar
Fag=fagfélög	Sk=skólar
Fé=félagasamtök	So=sorpstöðvar
FF=Ferðamálafulltrúi	Sv=sveitafélög
Rn=ferðamálanefnd	Un=umhverfisnefnd
Fss=Ferðamálasamtök Suðurl.	Ve=Veðagerð Ríkisins
Fy=fyrirtæki í ferðapjónustu	Yf=yfirvöld
He=heilbrigðisyfirvöld	Þj=Þjóðminjasafn

7.2 Skipulag og stjórnun ferðamála

Skipulag ferðamála	Framkvæmd	Tími
Ferðamálanefnd	Sv	haust '98
Vinnuhópar	Sv, Ah, Fé, Fy	haust '98 og áfram

- Lagt er til að stofnuð verði sameiginleg ferðamálanefnd allra hreppanna - með ferðamála-fulltrúa sem framkvæmdastjóra. Sú starfsemi þarf að tengjast opinberri skipan atvinnu, umhverfis -og menningarmála á svæðinu. Meginhlutverk ferðamálanefndar yrði að fylgja eftir framkvæmd á stefnumótun fyrir Uppsveitirnar. Auk þess verður nefndinni ætlað að leita eftir samvinnu við önnur svæði á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og norður yfir Kjöl.
- Stofnaðir verði sem fyrst þrjú vinnuhópar ferðamálanefndinni til aðstoðar, til að koma með tillögur að þróun ferðaþjónustu hvað varðar eftirtalin málefni:
 - Gönguleiðir og gönguleiðakort.
 - Skipulag ferðaþjónustu á hálendinu.
 - Kotlagningu auðlinda á sviði sögu og þjóðmenningar.

Þessir hópar ljúki störfum veturinn 1998-1999 en síðan taki við aðrir hópar 1999-2000 o.s.frv. sem ýmist vinna að frekari útfærslu þessra verkefna eða að öðrum málum.

- Lagt er til að í skipulagsvinnu og áætlunum allra hreppa í Uppsveitum Árnessýslu verði aukið tillit tekið til þarfa ferðaþjónustufyrirtækja og ferðamanna, s.s. hvað varðar aðgengi og landrými.

7.3 Gæðamál

Markmið:

- Í allri uppbyggingu ferðaþjónustu í Uppsveitunum þarf megináherslan að vera lögð á gæði og fagmennsku.

Áherslan í Uppsveitum Árnessýslu þarf að vera á gæði, gæði í þjónustu, gæði alls staðar og alltaf. "Gæði og gestrisni" verður meginþema þessarar stefnumótunar og hugmyndin er sú að Uppsveitirnar verði þekktar fyrir að taka vel á móti gestum með gæðaþjónustu og þeirri náttúrulegu gestrisni sem heimamönnum er í blóð borin.

Gæði í ferðaþjónustu snúast fyrst og fremst um það að standa undir væntingum viðskiptavinanna. Til að geta staðið undir væntingum er mikilvægt að allar upplýsingar um þjónustu séu réttar og markaðssetning og kynning fyrirtækja áreiðanleg og heiðarleg.

Gæðaflokkun innan ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið lengi í umræðunni, en hefur því miður ekki enn komið til framkvæmda. Hér er eindregið mælt með að gæðaflokkun verði tekin upp sem fyrst á sem flestum sviðum ferðaþjónustu. Flokkun gististaða og tjaldsvæða er t.d. afar brýn og lagt er til að undirbúningsvinna að flokkun tjaldstaða hefjist í Uppsveitum strax sumarið 1998.

Sveitarstjórnir á hverjum stað skapi ferðaþjónustunni gott starfsumhverfi, sjái til þess að lögum og reglugerðum sé framfylgt, tilskilin leyfi séu til staðar og fyllsta öryggis gætt.

Gæðamál og menntun	Umsjón	Tími
Innra gæðaeftirlit	Fy	sífelld
Lög og reglugerðir	Yf, Sv, Fy, He, Fag	sífelld
Símenntun - reglubundin námskeið	Fag, Fy, FF	vor og haust
Fræðsluferðir	Sv, Fn, FF, Fy	hefjist 1998
Svæðisleiðsögumenn	Fsu og Mk	hefja viðræður
Fræðsla um þjóðfræði og sagnir	Ah, Hó, Fy, Sk	hefjist 1999
Fræðsla um náttúru- og dýrafræði	Ah, Hó, Fy, Sk	hefjist 1999

Hvert þjónustufyrirtæki hugi að gæðamálum í sínu fyrirtæki, setji sér áætlun og markmið. Fyrirtæki fari ávallt að settum lögum og reglugerðum um leyfi og öryggismál.

Þjálfun og menntun starfsfólks er mjög mikilvæg, því starfsmaður þarf að búa yfir þekkingu og færni til að geta veitt góða þjónustu. Viðhorf til viðskiptavinarins þurfa að vera jákvæð og markmiðið að veita fyrsta flokks þjónustu alltaf til allra. Það þarf að kanna þarfir gestanna og koma til móts við þær.

Námskeið af ýmsum toga fyrir fólk í ferðapjónustu verði hjaldin árlega. Þetta verði liður í símenntun og til að efla gæði þjónustunnar. Þjónustunámskeið, námskeið um stofnun fyrirtækja, markaðsmál, þarfir mismunandi gesta o.fl. Þá verði settar upp fræðsluferðir um svæðið fyrir sumarhúsaeigendur og aðra hópa. Komið verði á námskeiði fyrir svæðisleiðsögumenn t.d. í samvinnu við FSU á Selfossi.

7.4 Umhverfismál

Markmið:

- Lög skal áhersla á umhverfisvæna uppbyggingu ferðapjónustu í Uppsveitunum þannig að náttúra svæðisins beri ekki skaða af.

Umhverfismál og ferðapjónusta eru svo samofin að ekki er unnt að fjalla um annað án hins. Í tillögum Ferðamálaráðs að stefnumótun í markaðsmálum til ársins 2000 segir að æskilegt sé að reyna að skapa Íslandi eftirfarandi meginímynd:

- hreint og ómengað land
- menntuð þjóð
- áhugavert fólk
- saga og menning

Það hlýtur að vera mikilvægt að hver landshluti taki einnig mið af þessari ímynd svo svæðið standist væntingar gesta. Í apríl s.l. var haldin námstefna í Menntaskólanum í Kópavogi um umhverfisvæna ferðapjónustu á vegum Iðntæknistofnunar, Ferðamálaráðs, o.fl. Í hópumræðum kom m.a. fram að:

- Helsta hlutverk sveitarfélaga varðandi ferðapjónustu og umhverfisvernd væri að skapa starfsskilyrði t.d. með því að byggja upp aðstöðu, ýta undir umhverfissjónarmið og sýna fordæmi.
- Fámenn sveitarfélög sem ráða yfir miklu landsvæði og mörgum náttúruperlum geta átt erfitt um vik að bæta aðgengi á fjölsóttum ferðamannastöðum og vernda viðkvæma náttúru. Æskilegt er að þar komi til stuðningur ríkisvaldsins.

Umhverfismál	Umsjón	Tími
Sorpflokkun - sorphirða - endurvinnsla	Sv, He, So, Un	byrjað - þróa
Leiðbeiningar og fræðsluefni	Sv, He, So, Un	sífelld
Umhverfisáætlanir	Sv, Rá, Un	hefjist strax
Rusl við sveitabæi og fyrirtæki (átak)	Fy, Bæ, Sv, Un	ljúki fyrir 2000
Lausaganga búpenings	Bæ, Sv	sífelld

Hvatt er til að sveitarfélög og sorpstöðvar geri ferðapjónustuaðilum og öðrum mögulegt að flokka sorp og losa sig við það á viðunandi hátt sem fyrst. Mikilvægt er að flokkunarferlið nái til endastöðvar. Heimajarðgerð er t.d. einföld í framkvæmd, en mikilvæg í ferðapjónustu því mikill þess háttar úrgangur fellur til. Tryggja þarf tíða losun ruslagáma á svæðum þar sem mikið álag er t.d. sumarhúsasvæðum og víða þarf að hreinsa rusl við bæi og fyrirtæki. Hreinlætisástöðu á tjaldsvæðum og við skála á hálendinu er víða nokkuð ábótavant.

Umhverfisáætlanir eru brýnt verkefni. Samband sveitarfélaga vinnur nú að handbók til leiðbeininga, sveitarfélög móti sér umhverfisstefnu í framhaldi af því. Sveitarstjórnir dreifi síðan leiðbeiningum og fræðsluefni í samvinnu við Heilbrigðisufirvöld o.fl. stofnanir. Setja þarf langtímaáætlun, efla fræðslu, ræða við félög, skóla og fyrirtæki. Sérhvert fyrirtæki í ferðaþjónustu getur dregið úr skaðlegum áhrifum á umhverfið.

Fyrirtæki í Uppsveitum ásamt ferðamálafulltrúa eru þáttakendur í FÍNeco samnorrænu verkefni um sjálfbæra ferðaþjónustu í dreifbýli. Afrakstur verkefnisins verður handbók sem ferðaþjónustufyrirtæki geta notfært sér ef þau vilja sveigja rekstur sinn til umhverfisvænni vega. Auk þess er mikið til af efni um þessi mál hjá ýmsum stofnunum og getur ferðamálafulltrúi gefið upplýsingar um slíkt.

7.5 Samvinna

Markmið:

- Efla samstöðu og samvinnu innan ferðaþjónustunnar og meðal þeirra sem starfa óbeint við hana.
- Efla samstarf við önnur svæði, félög og stofnanir.

Samvinna stuðlar að fjölbreyttari og öflugri ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu og sparar jafnframt oft fé og fyrirhöfn.

Samvinna	Umsjón	Tími
Innan Uppsveitanna	Sv, Fy, FF, Fn	sífelld
Innan Suðurlands og við önnur svæði	Sv, FY, FF, Fn, Fss	sífelld
Við ferðaskrifstofur o.fl. innan greinarinnar	FY, FF, Fn	sífelld
Áhugahópar	Fy, FF, Fn	sífelld
Nemendur	Fy, FF, Fn	sífelld
Háskólar og sérfræðinga	Sv, Fy, FF, Fn	sífelld
Opinberar stofnanir og fyrirtæki	Sv, Fy, FF, Fn	sífelld

Samvinnuaðilar

- Samvinna innan svæðis á sviði kynningar-, markaðs- og útgáfumála, við gerð svæðisskipulags, stefnumótun og þróun ferðatilboða. Kynningarheimsóknir o.fl.
- Við önnur svæði á Suðurlandi, Höfuðborgarsvæðið, norður yfir Kjöl og landshlutasamtök í ferðaþjónustu.
- Lagt er til að leitað verði samstarfs við Hveragerðisbæ o.fl. aðila á Suðurlandi um þróun heilsuferðamennsku.
- Ferðaskrifstofur hér á landi og erlendis.
- Ferðafélag Íslands, Útivist og Íslenska fjallaleiðsögumenn um gönguleiðir, hjólaleiðir nýtingu fjallaskála o.fl.
- Háskóla Íslands: bjóða vinnuaðstöðu fyrir fræðmenn. Samvinna við ýmsar deildir og stofnanir innan HÍ s.s. Rannsóknarþjónustuna.
- Nemendur; Í ýmsum skólum á framhalds- og háskólastigi. Nemendur taka að sér hagnýt verkefni.
- Opinberar stofnanir og nefndir á svæðinu; Skógrækt, Landgræðsla, Náttúruvernd, Þingvallanefnd, Skálholtsstaður, Þjóðminjasafn, Ferðamálaráð o.fl.
- Aðrir samvinnuaðilar: KÁ, MBF, sérleyfishafar, Skeljungur (skógrækt), Landsvirkjun, Hitaveita Rvk. og Reykjavíkurborg.

Félög innan svæðis geta tengst ferðaþjónustunni og stutt við bakið á henni á ýmsan hátt eru t.d. Hestamannafélög, kvenfélög, ungmennafélög, kórar, Lionsklúbbar, íbúafélög og leikfélög.

7.6 Markhópar

Markmið:

- Að koma til móts við þarfir þeirra ýmsu markhópa sem þegar eru til staðar og leita jafnframt nýrra.

Meðal gesta í Uppsveitum Árnæssýslu eru dagsferðamenn og sumarhúsagestir fjölmennastir en í raun má segja að þverskurður af nær öllum ferðamönnum innlendum sem erlendum heimsæki svæðið. Það gerir það erfiðara að gera upp á milli hópanna. Þau verkefni og möguleikar sem hér er bent á eru aðallega innan verksviðs þeirra sem reka og starfa við ferðaþjónustufyrirtæki. Ferðamálafulltrúi veitir síðan ráðgjöf og aðstoð.

Sumarbústaðaeigendur/orlofshúsagestir

Sumardvalargestir skiptast í tvo hópa, annars vegar þá sem eiga bústaði og eru allt að því heimamenn. Þetta fólk dvelur langdvölum á staðnum, vill hvíld, er gjarnan í garðrækt, sumir hafa ekki kynnst svæðinu nema í litlu mæli. Það þarf að kynna þeim svæðið og bjóða þátttöku í menningarviðburðum, leiksýningum, tónleikum o.fl.

Hins vegar eru þeir sem leigja félagabústaði, viku í senn. Það er oft barnafólk sem er í leit að fjölskylduafþreyingu. Til að koma til móts við þennan hóp þarf að auka fjölbreytni afþreyingar fyrir börn og fullorðna.

Hugmyndir að verkefnum:

- Fá dagsferðamenn til að nýta sér þjónustu á svæðinu í auknu mæli.
- Bjóða upp á fjölbreyttari afþreyingarmöguleika fyrir orlofshúsagesti og auka þátttöku þeirra í menningarviðburðum á svæðinu.
- Gera Uppsveitirnar að barnaparadís m.a. með afþreyingu við þeirra hæfi.
- Bæta aðgengi fatlaðra innan- sem utandyra.
- Kynna þarf fjölbreytta möguleika á svæðinu fyrir ferðir eldri borgara.
- Taka saman upplýsingar um möguleika á ráðstefnuhaldi og bæta aðstæður þar sem því verður við komið.
- Bæta aðstöðu hjólreiðamanna og göngugarpa.
- Hópar utan háannar; kórar, íþróttahópar, starfsmannahópar, saumaklúbbar.

7.7 Útgáfa, markaðssetning og kynning

Markmið:

- Að styrkja og efla ferðaþjónustu á svæðinu með öflugri kynningarstarfi inn á við sem út á við. Uppsveitirnar verði kynntar sameiginlega sem eitt svæði. Lögð áhersla á "Gæði og gestrisni"
- Að útgáfu og kynningarmál í Uppsveitunum séu samræmd og hnitmiðuð, sniðin að þörfum mismunandi markhópa. Útgáfa þarf að vera vönduð, án íburðar, og umfram allt traustvekjandi.

Útgáfa, markaðssetning og kynning	Umsjón	Tími
Sameiginlegt merki	Sv, FF, Fn, lb	vetur 1998
Uppsveitakortið - kynningarbæklingur	FF, Fy	feb/mars
Atburðadagatal	FF, Fy	byrjun árs
Svæðisbundnir upplýsingapésar	Fy, Áh, FF	á sumrin
Upplýsingamöppur	Fy	'98 og áfram
Kaupstefnur og kynningar	Fy, FF, Fss	vor og haust
Myndefni	Áh, Fé, lb	hefjist '98
Fjölmiðlar og blaðamenn	Sv, Fn, FF, lb, Áh	sífelld
Internet	ML, FF	lýkur 1999

Lagt er til að Uppsveitirnar fái sameiginlegt kynningarmerki í ferðaþjónustu. Væri það birt sem oftast s.s. á vegmerkingum og fræðsluskiltum, servíettum, bréfsefni ferðamála-fulltrúa, í kynningarbæklingum og auglýsingum. Eft verði til samkeppni um merkið.

Uppsveitakortið verði endurskoðað árlega og komi út fyrir páska. Dreifing þarf að vera góð. Kortið liggja frammi hjá öllum ferðaþjónustuaðilum á svæðinu og í ákveðinn radíus utan svæðis. Útgáfan í heild verði endurskoðuð fyrir sumarið 1999 með það fyrir augum að útbúa efni er hæfir mismunandi marhópum ferðamanna.

Atburðadagatal um það sem er á döfinni fyrir allt svæðið verði gert, þannig að upplýsingar komist tímanlega til FMR, upplýsingamiðstöðva og fjölmiðla. Fólk komi upplýsingum um hvað er á döfinni til eins aðila.

Ferðaþjónustuaðilar standi að útgáfu svæðisbundina pésa með upplýsingum um þjónustu og uppákomur.

- Dreift í sumarbústaði einu sinni á sumri þ.e. félagabústaði.
- Dreift á þjónustustaði oftast þ.e. verslanir, sundstaði, gistingu.

Ennfremur útbúi Ferðaþjónustuaðilar upplýsingamöppur sem liggja t.d. í sumarhúsum og gististöðum. Þar má safna saman upplýsingum um nágrennið, afþreyingu, þjónustu o.fl.

Vel hefur gefist að taka þátt í Vest Norden kaupstefnunni í samvinnu við Ferðamálsamtök Suðurlands. Ferðaþjónustuaðilum gefst kostur á beinni þátttöku eða bæklingadreifingu. Og æskilegt er að ferðaþjónustuaðilar vinni saman og setji fram pakka.

Gott væri að koma upp safni mynda sem eru einkennandi fyrir svæðið, sem nýta má til kynningar á svæðinu. Einnig er nauðsynlegt að ná athygli fjölmiðla, greinaskrif og þáttagerð hafa meiri áhrif en auglýsingar. Sem flestir sendi inn greinar og hafi samband við fjölmiðla. Haldið verði málþing um samvinnu við fjölmiðla.

7.8 Upplýsingagjöf, merkingar, fræðsla

Markmið:

- Efla upplýsingaþjónustu og fjölga upplýsingamiðstöðvum
- Bæta allar merkingar á svæðinu, ekki síst merkingar örnefna, við merka staði í náttúrunni og sögulega staði.
- Auka mjög alla fræðslu til ferðamanna.

Upplýsingar, merkingar og fræðsla	Umsjón	Tími
Merkingar á göngu- og reiðleiðum	Sv, Fn, Hó, Ah, FF	haust '98 - 2001
Merkingar við sögustaði og örnefni	Sv, Fn, Hó, Ah, FF	haust '98-2001
Upplýsingamiðstöðvar	Fn, Fy, FF	1998 og áfram
Fræðslu- og upplýsingamiðstöð við Geysi	Sv, Fy, lb, Ná og ýmsir	1998 - 2000
Sumarbústaðir	Sv, lb, Ve	1998-1999
Þjónustumerkingar á láglandi	Sv, Ve, FF	1998-1999
Merkingar á hálendi og við hálendisjaðra	Sv, Ve, FF	1998-1999

Merkja þarf gönguleiðir og reiðleiðir á hálendi og í byggð og útbúa leiðarlýsingar með fræðilegu ívafi. Þ.e. sögu, náttúrufræði og mannlífssögur. Einnig þarf að merkja sögustaði og útbúa kynningarefni.

Koma þarf upp góðu neti upplýsingastaða á svæðinu, t.d. á Þingvöllum, Geysi, Flúðum, Þrastarlundi, Borg, Laugarvatni, Brautarholti, Árnesi. Fylgjast með þróun mála

varðandi upplýsingamiðstöðvar og verkefni sem verið er að vinna á því sviði. Koma upp skipulagi í samræmi við það.

Merkja þarf betur við Geysi, þar skortir upplýsingar fyrir fólk á eigin vegum. Auka fræðslu og upplýsingar um sögu háhitasvæðisins, og jarðsögu svæðisins. Upplýsingar um hitakærar örverur o.fl. Við Geysi verði komið á fót upplýsinga- og fræðslumiðstöð er sómi staðnum og sögu hans. Það verði aðal upplýsingamiðstöðin í Uppsveitunum..

Merkja sem flesta sumarþustaði og kortleggja þá, alla vegana félagsþustaði. Hafa þær upplýsingar fyrirbyggjandi á helstu stöðum. Athuga þjónustumerki á svæðinu láglandi/hálendi, merkja þorp, götur, ár, örnefni o.fl.

Þjóðmenning og sagnir

Safna saman sögum úr samtíð og fortíð og setja fram á aðgengilegan hátt, sögum um fjallmenn, drauga, álfa, skrímsli, þjóðsögur og kennileiti. Þessar sögur verði fyrst nýttar til að fræða heimamenn um eigin sögu og síðan innlenda og erlenda gesti.

Náttúru- og dýrafræði

Safna saman upplýsingum um fuglar, gróður, jarðfræði á svæðinu. Hvað finnst hvar - kortleggja? Ýmsar upplýsingar þegar til en eru varðveittar á á mörgum stöðum. Hvernig má bæta aðgengi gesta að varðmætum stöðum án þess að valda skaða eða taka áhættu.

7.9 Vegir og samgöngur

Markmið:

- Að bæta samgöngur innan svæðis fyrir alla hvort sem þeir ferðast á eigin bílum, með almenningsvögnum, á hjóli, gangandi eða ríðandi.

Miðað við þann gífurlega fjölda ferðamanna sem leggja leið sína um Uppsveitir Árnæssýslu, er vegagerð víða mjög ábótavant. Það vantar t.d. tilfinnanlega bundið slitlag á fjölfarnar leiðir; Gullfoss - Geysishring vegi í Grafningi og víðar. Hvítárbrú og Gjábakkavegur er lykilatriði til að tengja svæðið betur. Það þarf nauðsynlega að byggja upp vegi í Grafningi og klára Gullfoss Geysishringinn. Betri tengingar áætlunarþíla innan svæðis þarf að athuga, s.s. milli Laugarvatn, Geysis og Flúða, svo og stuttar skotferðir innan svæðis.

Samkvæmt upplýsingum frá Sérleyfisbílum Selfoss flytja þeir að meðaltali um 70 manns á dag á Gullfoss og Geysi þrjú sumarmánuðina. Daglegar ferðir eru um Kjöl á sumrin. Það þarf að auðvelda mönnum ferðalög innan svæðis og leitast við að lengja ferðamannatímenn.

Vegir og samgöngur	Umsjón	Verktími
Vegabætur og brýr	Ve, Sv	strax
Áætlunarferðir	SBS og Norðurleið	hefjist 1998
Tenging almenningsgangna	SBS, Nol, Sv, FF	hefjist 1998

7.10 Tjaldstæði

Markmið:

- Að Uppsveitir Árnæssýslu verði í þekktar fyrir tjaldstæði í hæsta gæðaflokki.

Í viðhorfskönnun kom í ljós að aðstaða á tjaldsvæðum er víðast hvar ófullnægjandi og er af ýmsu að taka til úrbóta. Sérstaklega eru erlendir gestir ósáttir við aðstöðuna.

Bæta þarf alla aðstöðu og þjónustu á tjaldsvæðum almennt. Huga að aðgengi fyrir alla hópa miðað við mismunandi þarfir. Aðstöðu fyrir húsbílaeigendur. Kynna umgengnisreglur og hafa fjölbreyttar upplýsingar fyrirbyggjandi.

Dæmi um það sem má bæta og laga: Bekkir og borð, aðstaða til að grilla, leiktæki fyrir börn, gróður/skjól, góð hreinlætisaðstaða salerni/sturtur, aðstaða til að þvo og þurrka þvott, upplýsingar og fræðsla um svæðið og næsta nágrenni, aðstaða fyrir fatlaða, umgengnisreglur, gönguleiðir, aðstaða fyrir húsbíla og bílastæði.

Dæmi eru um að eigendur tjaldstæða hafi verið í forystu varðandi umhverfismál s.s. með því að flokka sorp, bjóða upp á fræðslu, skipulagða dægradvöl fyrir börn o.fl. Hugsanlega hefur einhver áhuga á að taka það upp hér á svæðinu og skapa sér þannig sérstöðu.

Tjaldstæði	Umsjón	Tími
Úttekt og flokkun	FF, Fél	sumar 1998
Endurbætur	Fy	1998(1999)
Þjálfun og endurmenntun	Fy	sífelld

Gerð verður úttekt á tjaldsvæðum í Uppsveitum og gæðaflokkað s.s. í þrjá flokka, eftir ákveðnum stöðlum. Akveða hvar skuli t.d. byggð upp fyrsta flokks tjaldstæði. Aðstaða á tjaldsvæðum verði svo bætt í framhaldi af úttekt, og þjónusta aukin.

7.11 Gisting

Markmið:

- Að auka tekjur af gistingu á svæðinu og fjölga atvinnutækifærum.
- Að bjóða upp á fjölbreytta möguleika í gistingu, góða þjónustu og jákvætt viðmót.

Aðgerðir:

- Að Uppsveitirnar taki fullan þátt í fyrirhugðari flokkun gististaða á Íslandi. Stefnt að því að gististaðir með 8 herbergi eða færri verði einnig gæðaflokkaðir á sama hátt.
- Kanna hug eigenda gististaða til sérhæfingar og um hvernig betur megi höfða til innlendra ferðamanna.

Gisting	Umsjón	Tími
Úttekt og flokkun	Opinb. aðilar	Fyrirhugað
Fjölskyldur (börn)	Fy	sífelld
Fatlaðir	Fy	hefjist '98
Ráðstefnur og fundir	FY, FF	hefjist '98
Upplýsingagjöf	FY, FF	sífelld
Þjálfun og endurmenntun	FY, Fag, FF	sífelld
Umhverfisvænt	Fy, Sv, FF	hefjist '98
Fjallaskálar og veiðihús	Sv, Fn, Fy, FF	hefjist '98

Bjóða þarf upp á fjölbreytta gistingu og bæta sífelld aðstöðu. Huga að aðgengi fyrir fatlaða ásamt aðstöðu fyrir barnafólk og aldraða miðað við þarfir hvers hóps. Fyrir barnafólk er kjörið að hafa til staðar barnarúm, leikföng og bækur, e.t.v. kerruleigu, hjólaleigu. Bæta þarf aðgengi fatlaðra að gististöðum á svæðinu.

Gerð verði úttekt á aðstöðu til ráðstefnu- og fundahalda á svæðinu og hún kynnt. Skoða vel hvað þarf að bæta af tækjum og aðbúnaði. Auka nýtingu fjallaskála og veiðihúsa vetur og sumar.

Tryggja þarf að á gististöðum liggi frammi upplýsingar og fræðsluefni um svæðið, afþreyingu, dagsferðamöguleika, þjónustu og fleira. Það eykur m.a. líkur á að gestir stoppi lengur.

Starfsfólki gististaða fái þjálfun og endurmenntun, þar með verður það hæfara í starfi og gæði þjónustunnar aukast. Þeir sem óska eftir að færa fyrirtæki sín til umhverfisvánni vega og koma þannig til móts við kröfur nútímaferðamanna geta fengið ráðgjöf.

7.12 Veitingar

Markmið:

- Að auka tekjur af veitingasölu á svæðinu og fjölga atvinnutækifærum.
- Að bjóða upp á fjölbreytni í veitingum, góða þjónustu og jákvætt viðmót.
- Nota hráefni úr heimabyggð.
- Vera fjölskylduvæn.

Aðgerðir	Umsjón	Verktími
Þjálfun og endurmenntun	Fag, Fy, FF	sífelld
Staðareinkennandi hráefni	Fy, Bæ	sífelld
Fjölskylduvænt	Fy	sífelld

Á veitingahúsum verði notað sem mest hráefni úr heimabyggð, grænmeti, krydd, fiskur og skreytt með lifandi blómum úr héraði. Það er í anda sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Að veitingahús séu fjölskylduvæn og hugsa til þarfa barnanna. Barnastóla, barnamatseðil, eiga leikföng, bækur og liti e.t.v barnahorn.

Sífelld þarf að aðlaga sig breyttum ferðavenjum og þörfum fólks, hvað varðar veitingar. Hafa á boðstólnum fjölbreytt úrval, léttu rétti, þjóðlega rétti.

7.13 Afþreying

Markmið:

- Að efla og auka fjölbreytni afþreyingarmöguleika á svæðinu.
- Áhersla á afþreyingu er tengist menningu og atvinnulífi í Uppsveitunum.

Mikilvægt er að frumkvæði að aðgerðum á sviði afþreyingar komi sem mest frá heimamönnum sjálfum og þeim sem þegar reka ferðaþjónustu á svæðinu.

Sveitarfélögin í Uppsveitum hafa að sjálfsögðu mikinn hag af því að framkvæmd stefnumótunar gangi sem best og því leika þau lykilhlutverk í þróuninni.

Ýmsir fjölsóttustu staðir í Uppsveitunum eru þó undir verndarvæng íslenska ríkisins á einn eða annan hátt. Því er lagt til að þeir sem með umráðaréttinn fari taki þátt í endurbótum og uppbyggingu þar í samvinnu við heimamenn hvort sem um er ræða Þingvallanefnd, Náttúruvernd ríkisins, Geysisnefnd, Þjóðminjasafnið, Vegagerðina, Landsvirkjun, Skógrækt ríkisins eða aðra.

Afþreying	Umsjón	Verktími
Gönguferðir	HL, Fy	hefjist '98
Ylrækt og skógrækt	Fy, FF	þróa áfram
Fuglar og dýralíf	Fy, Ah, Hó	hefjist '99
Hestar og hestaferðir	Fy	þróa áfram
Söfn og fræðslustofur	Sv, Fy, Þj, Rá	hefjist strax
Hálendismiðstöð Fjalla Eyvindar	Sv, Rá	hefja undirb. '98
Handverk og handverksmarkaðir	Ah, Fy, lb, Fé	byrja '98
Réttir	Sv, Fé, Fy, Bæ	þróa áfram
Listir og skemmtanir	Fé, Fy, lb	sífelld
Heimaleiðsögn - þemaferðir	HL, Fy	þróa áfram
Kirkjuskoðun	Um, HL	hefjist '98
Ratleikir	Sk, Fy, Fé	sumar 1999
Heimsóknir í fyrirtæki	Fy, FF	þróa áfram
Veiði (fjölskylduveiði)	Fy	sumar 1999
Markaðir og tjöld	Fé, lb,	árlega
Ferðir utan háannar	Fy, FF,	skoða möguleika
Gönguskiði	Fé	vetur árlega
Afmæli og tímamót	Sk, Fé, Sv	sífelld
Leiktæki - afþreying fyrir börn	Fy, Sv, Fé, Ah	bæta við sífelld
Hjólreiðar	Fy, Fé, Fn	árlega
Hellaskoðun	HL, Fy, Fé	sífelld
Íþróttir - íþróttamannvirki	Sv, Fy, Fé	allt árið
Jöklaferðir - snjósleðaferðir	Fy, Fé	hefjist '98
Skotveiði	Bæ, Fy	árlega
Afþreying tengd jarðhita og böðum	Sv, Fy, Fé, Ah	þróa
Nýting skóga - skógræktin	Sv, Fé, Skó,	hefjist 1999
Vatnasport - bátsferðir	Fy, Fé	þróa áfram

Gönguleiðir og gönguferðir

Markmið:

- Gera Uppsveitirnar að ákjósanlegum möguleika fyrir göngufólk og hvetjandi fyrir alla þá sem að jafnaði ganga minna, að taka fram gönguskóna.
- Leiðsögn heimamanna. Heimaleiðsögumenn fari í gönguferð með gesti á fyrirfram auglýstum tíma - t.d. ganga á Mosfell og Búrfell í Grímsnesi e.t.v. heimsókn í kirkjur. Gönguferð að fossinum Búða, á Fellsfjall, Vörðufell, Hestfjall, Miðfell, Gullkistu o.s.frv. Áhersla á fell, samvinna við landeigendur
- Gönguferðir milli gististaða í samvinnu við Íslenska fjallaleiðsögumenn.

Gönguleiðir og gönguferðir

	Nú			----->	2002		
	N	M	A		N	M	A
Sjá	■				■	■	■
Vera	■				■	■	■
Gera	■				■	■	■
Læra	■				■	■	■

- Frumkvæði:** Sveitarstjórnarmenn, ferðapjónustuaðilar, svæðisleiðsögumenn,
Framkvæmd: Íslenskir fjallaleiðsögumenn í samvinnu við ferðapjónustuaðila og ferðamálafulltrúa, svæðisleiðsögumenn, heimamenn á hverjum stað.
Verktími: Undirbúningur hefjist sem fyrst. Gerð verði 3-4 ára áætlun.

Ylrækt - trjárækt

Markmið:

- Vekja athygli á öflugri ylrækt og trjárækt í Uppsveitunum. Efla kynni ferðamanna af þessari atvinnugrein og auka skilning á henni.

- Garðyrkjubændur selji vöru sína þar sem ferðamenn og sumarbústaðafólk á auðvelt með að nálgast hana t.d. á mörkuðum.
- Höfða til íslensks námsfólka og skólahópa; vor og haust.
- Heimsókn í gróðurhús; afþreying fyrir stóra sem smáa hópa.
- Virkja gesti í að gróðursetja og kynnast ræktunaraðferðum..
- Vínframleiðsla. Ilmatnsframleiðsla.
- Kynningarefni. Fræðsla á 3-4 tungumálum

Gróðurhús-skógrækt

	Nú		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

----->

	2002		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

Fuglar og dýralíf

Í Pollengi er verið að kanna möguleika á að koma upp byrgi. Þetta má einnig kanna víðar s.s. við Höfðaflátir.

Fuglar og dýralíf

	Nú		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

----->

	2002		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

Umsjón: Áhugamenn í samvinnu við fuglaverndunarsamtök.
Verktími: Undirbúningur hefjist strax.

Hestar - hestaferðir

- Leggja áherslu á fræðslu um náttúru, sögu og örnefni í tengslum við hesferðir.
- Hestasýningar.
- Námskeið og fræðsla um íslenska hestinn fyrir börn/fullorðna.

Hestar - hestaferðir

	Nú		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

----->

	2002		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

Söfn og fræðslustofur

Áður hefur verið getið hugmynda um hálandismiðstöð Fjalla-Eyvindar, fræðslusetur á Þingvöllum, Skálholti og við Geysi og þjónustumiðstöð í Þjórsárdal er jafnframt kynnti sögu dalsins og byggðar þar. Auk þess er lagt til að efla/stofna:

- Byggðasafn að Grund á Flúðum.
- Einkasöfn og sýningar.
- Sólheimar (gamla Sólheimahúsið)

Söfn og fræðslustofur

Nú				
	N	M	A	
Sjá				
Vera				
Gera				
Læra				

----->

2002				
	N	M	A	
Sjá				
Vera				
Gera				
Læra				

Umsjón: Sveitarfélög, fyrirtæki, Þjóðminjasafnið, ráðgjafar
Verktími: Gera áætlun til 4-6 ára.

Handverk og handverksmarkaðir

Handverkshús vantar alfarið í Uppsveitirnar. Ná saman fólki sem fæst við handverk. Mikið er af góðu handverksfólki á svæðinu og möguleiki væri á að opna handverkshús í tengslum við ferðaþjónustuaðila og upplýsingamiðlun. Aðstaða fyrir handverksmarkað í "Sláturhúsinu" Laugarási og víðar.

Handverk og handverksmarkaðir

Nú				
	N	M	A	
Sjá				
Vera				
Gera				
Læra				

----->

2002				
	N	M	A	
Sjá				
Vera				
Gera				
Læra				

Umsjón: Hópur handverksfólks.
Verktími: Hafist handa strax við að kanna möguleika.

Réttir

Kynna réttardaga í Uppsveitunum sameiginlega. Auka þjónustu við þann fjölda gesta sem kemur í réttir. Bæta hreinlætisaðstöðu, selja kjötsúpu og handverk. Þjóða fjölmiðla-mönnum með í göngur.

Umsjón: Kvenfélög, ungmennafélög bjóði þjónustu, selji kaffi o.fl.
Verktími: Árlega.

Réttir

Nú				
	N	M	A	
Sjá				
Vera				
Gera				
Læra				

----->

2002				
	N	M	A	
Sjá				
Vera				
Gera				
Læra				

Listir og skemmtanir**Markmið:**

- Gera menningu heimamanna sýnilega allt árið.
- Skapa listamönnum aðstöðu og fá þá til að vinna og sýna í Uppsveitunum.

Aðgerðir:

- Þjóða upp á aðstöðu fyrir listamenn, tónskáld og rithöfunda t.d. samvinna við fagfélög þeirra. Sýningaraðstaða, vinnustofur, gestaíbúðir, sölugallerí.
- Þjóða upp á þjóðlegar sveitarskemmtanir; sveita- og hlöðuböll. Leiklist, harmónikka, uppskeruhátíð.
- Kórar, leikhópar, fyrirlestrar, sögur o.fl. Tengja einstökum glistöðum og útbúa pakka.

Listir og skemmtanir

	Nú		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

----->

	2002		
	N	M	A
Sjá			
Vera			
Gera			
Læra			

7.14 Ferðaþjónusta utan háannar

Lagt er til að hálendis svæðin verði opnuð fyrir á sumrin og aðgengi að jöklum bætt. Skipulag miðhálendisins skiptir höfuðmáli. Útbúa þarf pakkaferðir; orlofshús, sleða-jeppaferðir, dorg og rjúpnaveiði og smá lengja tímann.

Í Uppsveitir koma ferðamenn allt árið, þeir keyra í gegn á veturna og skoða Gullfoss, Geysi og Skálholt. Nokkuð er um snjósleða- og jeppamenn á eigin vegum eða klúbba. Orlofshúsin eru notuð allt árið. Hugsanlega má lengja tímann fram á vetur með því að fá íþróttahópa, árshátíðahópa, fundi, ráðstefnur, námskeið o.fl. á svæðið.

Það vantar aukið framboð afþreyingar allt árið. Samgöngur eru ekki hindrun yfir vetrartímann, allt er opið. Svæðið getur höfðað til ævintýramanna, þar er eitthvað fyrir þá sem kjósa græna ferðamennsku, þá sem sækja í kyrrð og þægilegheit og nýta má menningarviðburði s.s. tónlist, leiklist o.fl.

Vekja þarf athygli á sveitinni utan háannar. Miðnætursól, norðurljós og bjartar sumarnætur, gróðurhúsaskoðun að vetrarlagi og fossar í klakaböndum. Efla afþreyingu tengda íslenskum siðum og venjum og daglegu lífi fólksins í sveitinni í dag. Þar má nefna, réttir, kjötsúpu, berjamó, sauðburð, kúnum hleypt út á vorin, baka hverabrauð. Búa til pakka kringum þetta.

8.0 Lokaorð

Stefnumótun þessi sem nær til ársins 2002 er einungis upphafsskref þess að móta heildstæða stefnu og samræmdar aðgerðir í ferðaþjónustu fyrir Uppsveitir Árnassýslu. Hún ber þess merki að vera barn síns tíma og að byggja á þeim upplýsingum um gesti sem aðgengilegar eru og safnað hefur verið til að leggja grunn að þessari vinnu.

Frekari vitneskju er þörf um gesti í Uppsveitunum eins og aðra gesti á ferð um landið. Því er mikilvægt að fylgjast stöðugt með áhuga og óskum gestanna en einnig afkomu í greininni. Umfram allt er þó mikilvægt að taka með hlýju og rausnarskap á móti öllum þeim gestum sem í Uppsveitirnar koma. Þannig skapast orðsporið sem spyrst út eins og eldur í sinu og er margfalt ódýrara en flest önnur markaðssetning.

Uppsveitamenn í Árnassýslu fá góða dóma fyrir gott viðmót og gestrisni. Jafnframt er staðfest að nær allir heimamenn telja ferðaþjónustu hafa haft afar jákvæð áhrif fyrir atvinnu og búsetu þar. Því er kjörlendi til "ræktunar" ferðsþjónustu eins og best verður á kosið í Uppsveitunum.

Á það skal þó minnt, ekki að ósekju, að athafnir verða að fylgja orðum á blaði. Það er fyrst og fremst undir heimamönnum sjálfum og samvinnu þeirra komið hvernig til tekst að nýta þessa skýrslu. Einstök mál þarf að skoða nánar í fámennum vinnuhópum en á ýmsum sviðum má hefjast handa þegar í stað. Það er von þeirra sem að þessari samantekt standa að árið 2002 verði flest þau markmið sem hér eru sett fram orðin að veruleika og ný og enn metnaðarfullri komin í þeirra stað. Markmið sem tryggja að Uppsveitirnar verði áfram í fremstu röð ferðaþjónustusvæða á Íslandi.

Öllum þeim fjölmörgu er lögðu þessari vinnu lið sitt eru hér með færðar bestu þakkir fyrir ánægjulega aðstoð og samvinnu, ekki síst oddvitunum í hreppunum átta.

Heimildir

1. *Georg Kamfjord*,
“Den Norske Kultur og Miljø Park”, Lillehammer, 1990.
2. *Hagstofa Íslands, umsjón Rut Jónsdóttir*.
“Ferðavenjukoönnun meðal Íslendinga árið 1996”, apríl 1998.
3. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, Rögnvaldur Guðmundsson*.
“Dear Visitors - Erlendir gestir á Íslandi sumarið 1996.”- desember 1997.
4. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, Rögnvaldur Guðmundsson*,
“Erlendir og innlendir gestir á Suðurlandi sumarið 1996”, desember 1997.
5. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, Rögnvaldur Guðmundsson*.
“Ferðaþjónusta í Uppsveitum Árnassýslu - viðhorf gesta og heimamanna
sumarið 1996”, mars 1997.
6. *Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands, ráðgjafar Landmótun ehf*,
“Miðhálandi Íslands - Svæðisskipulag 2015 - geinargerð”, maí 1997.
7. *Ferðamálaráð Íslands, umsjón Oddný Þóra Óladóttir*:
“Erlendir ferðamenn á Íslandi sept. 1996 - maí 1997” (þrjár skýrslur), 1997.
8. *Seðlabanki Íslands*.
Gjaldeyrstekjur af ferðamönnum árið 1996.
9. *Vegagerð ríkisins*.
Umferðartalning 1996.

Viðaukar

I. Ýmsar hugmyndir að viðburðum og aðgerðum

II. Hugmynd að Hálandismiðstöð Fjalla-Eyvindar

Hugmyndir að viðburðum og afþreyingu

Fastir liðir- Atburðadagatal

- Skógardagur í Haukadal í júlí.
- Skálholtshátíð og sumartónleikar í júlí.
- Markaðsdagur í Grímsnesi aðra helgi í ágúst.
- Fjölskylduhátíð á Flúðum um Verslunarmannahelgi.
- Verslunarmannahelgin í Úthlíð, hátíð.
- Réttadagar í september

Auk þess eru ýmis félög með uppákomur og fjölbreytta menningadagskrá, leiksýningar, tónleika o.fl. sumar og vetur. Það þarf einnig að kynna vel.

Misjafnt var hversu fjölbreyttar hugmyndir voru tengdar ákveðnum stöðum. Í umfjöllun um einstaka staði var áhersla lögð á sérstöðu hvers fyrir sig. Hins vegar komu margar hugmyndir fram sem nýta má hvar sem er þó ákveðnir staðir hafi verið nefndir og eru þær látnar fljóta með en hér.

Grímsnes

- Göngustígar, frá Þrastarlundi í sumarhúshverfi
- Sýslumannshúsið, hafa það opið á ákveðnum tímum.
- Gamla Borg, þar er fyrirhugað að hafa þjónustu í framtíðinni, veitingar og tengslum við staðinn má bjóða upp á ferðir og e.t.v handverk til sölu .

Laugarvatn

- Ratleikur: Setja upp fastan ratleik í umhverfinu sem nýttist t.d fjölskyldufólki.
- Gönguleiðir, viðhalda þeim sem fyrir eru og bæta við nýjum. Setja fram kynningarefni fyrir fólk sem dvelur á svæðinu um möguleika á gönguferðum og stuttum dagsferðum.
- Draga fram sögu staðanna
- Nýta betur íþróttaaðstöðu sem fyrir er allt árið; skíði á vetrum, vatnasport.
- Nýta sambönd Eddu og fá þá til að styrkja markaðssetningu á svæðinu.
- Námskeið.
- Bílferðir upp á Gullkistu.
- Átak í umhverfismálum - frárennismál.
- Efla og kynna baðmenningu.
- Brauðbakstur í hverum.
- Svæðisleiðsögn.

Skálholt

- Hátíðir tengdar mismunandi aldarháttum í sögu Skálholts (matur í takt við tíðarandann).
- Leikrit sett á svið: Jón Arason, Skálholt - ýmsir möguleikar.
- Gönguleiðir í nágrenninu, t.d. að Þorlákshver eða í Laugarás.

Flúðir

- Skíðalyfta er á Flúðum.
- Fyrirtækjaheimsóknir fyrir hópa t.d. í gróðurhús, sveitabæi o.fl. atvinnufyrirtæki á svæðinu. Auka framboð og efla samvinnu á þessu sviði.
- Fleiri svæðisleiðsögumenn.
- Efla þarf ráðstefnu og fundaaðstöðu og er margt sem mælir með Flúðum í því tilliti s.s. tengslin við Ferðskrifstofu Íslands.
- Fleiri gönguleiðir, gönguleiðakort með texta og sögum um þær leiðir sem til eru og fleiri.
- Minjagripir tengdir matvælum og ræktun
- Bæta opnunartíma í banka + á pósthúsi + í sundlaug og fá hraðbanka
- Auka afþreyingu fyrir fjölskyldufólk
- Ela dagsferðamöguleika; útsýsnisflug, jeppaferðir o.fl. - sumar og vetur.
- Útimarkaður sem selur grænmeti og blóm.
- Finn bæklingur er til (Íslenskt -já takk) um hreppinn og Flúðir, fjölfalda hann og dreifa t.d. á alla gististaði þar sem hann liggja frammi og víðar.
- Fá Erlu Stefánsdóttir til að skoða álfa og leita að forfeðrum Huppu . Kynna slíkar sögur.
- Við Álfaskeið má skoða möguleika á merktum gönguleiðum og útsýnisskífu á Langholtsfjalli

Skeið-Brautarholt

- Skólahópar og kórar kjósa einfalda gistingu.
- Hópar ferðamanna kjósa að elda sjálfir.
- Merkja gönguleiðir.
- Efla upplýsingamiðlun um svæðið.
- Kynna betur afþreyingarmöguleika í nágrenninu.
- Þjóða upp á gönguferðir með heimaleiðsögn fyrir hópa.
- Setja upp ratleik í umhverfi tjaldsvæðisins.
- Kynna handverk heimamanna.
- Skjólbeltaræktun við tjaldsvæði.
- Ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti / samvinna styrkur.


Gnúpverjahreppur - Þjórsárdalur

- Huga að heilsársnýtingu á Hólaskógi.
- Áhersla á gangandi fólk og hjólréiðamenn.
- Kynna golfvelli á Stóra-Hofi og við Búrfell.
- Nýta betur veiðihús.
- Lífandi fræðsla um landnáms tíma, útilegumenn
- Fá nemendur til að taka að sér verkefni, t.d. þjóðfræðinema.
- Fá Skógræktina til að opna skóginn og gera að útivistarsvæði.
- Koma upp skilti á afleggjara Flóa og Skeiða með nöfnum allra hreppa.

- Koma upp skilti á Sandlækjarholt með korti og upplýsingum um sveitina, ef til vill í samráði við Hrunamenn.
- Koma upp myndaskilti við Árborg með ljósmyndum af áhugaverðum stöðum sveitarinnar og því sem í boði er. Þar gætu aðilar í ferðþjónustu leigt auglýsingaglugga fyrir sína þjónustu.
- Koma upp plani fyrir húsbíla við Tjaldsvæðið við Árnes og rotþró þar við.
- Kynna gönguleiðir út frá Árnesi, s.s. niður að Búða, upp að kirkju og víðar.
- Vinna góð kort um gönguleiðir í Þjórsárdal með Laxárgljúfri. Gæslumenn í Hólaskógi gætu komið að þessu máli sem leiðsögumenn að hluta til.
- Stefna að því að ferðamenn geti tekið þátt í göngum.
- Vera með sýningar í anddyri Árness þar sem hægt væri að kynna allt sem í boði væri í sveitinni á sviði ferðþjónustu auk sögu svæðisins. Sérstök kynning á möguleikum í Þjórsárdal.
- Athuga hvort Eimskipafélagið vill ekki taka Háafoss í fóstur og bæta þar aðgengi og merkingar. Pallur út yfir gljúfrið (hugm. Þráinn Hauksson).

Almennt

- Tengja þarf menningu í sveitinni við höfuðborgina. Útbúa pakka í kringum leiksýningar, söngskemmtanir og aðrar menningarsamkomur í tengslum við veitingahús og gististaði.
- Ráðstefnur um náttúrufræði, menningu og sögu svæðisins og útgáfa fræðsluefnis.
- Athuga möguleika á dorgi á vötnum t.d. Laugartvatn/Svínvatn/Apavatn
- Námskeið/fræðsla um íslenska hestinn/hestamennsku, á einhverjum þeirra staða sem þegar eru með hestaleigu og gistiaðstöðu
- Skógarferðir, fræðsluferðir, sveppatínsla í samvinnu við Skógræktina.
- Heimsóknir í virkjanir og sýningar þeirra. Dæmi eru um það erlendis að virkjanir eru opnar fyrir gesti og á sumum stöðum hafa verið settar upp myndlistasýningar og jafnvel kaffihús. Restaurant-gallery-power station.
- Púttvöllur, minigolf, skautasvell, skokkbrautir
- Koma upp vetrarafþreying almennt. Hópar fólks koma í bústaði á vetrum.



ÞAG ER LAUBTBYRJI, HLADIR MEGHTAN
 GAVEGG, RIFAN FADRI A LEYF-D
 HÉR UM BIL OG HALTAN FADRI A
 BREIDD. HROSSHAYGG HARFI VANDI
 FYRIR MEIULAS I KOFANUM, OG
 VAR DREGNI TÁ- EFTIR ENDBILDUO
 MEIULHOLUUM TIL AD HLAUÐA HOUUM
 SAMMI. STAFAN VAR DYKUNUM VAE HELLA
 MED MELDU. AD GINI VAR OT HERAD
 VEDI. VATTUSLUND GUNADI FARM UR
 BERANU SON HEYSIO VAG HUSAD VIO
 DE FELL VIOUR RATT HVA FLERTI HREYSI-
 GUNNIS. SVO HAELEGG VAE BODI UM
 UNTASOÐ FERNA, AD EKEI PUEFTI
 ANNAO EN AD SELVAST UR GUMFENTUO
 LYPTA JOP MEIULSEM FADRI LINDIUM
 OG SOKRVA IATNU I

J.A. II

HÁLENDISMIÐSTÖÐ
 FJALLA EYVINDAR
 AD HLÍÐ - HUGMYND
 ARINBJÖRN VILHJÁLMSOON ARCHITECT F.A.I

